



Heimþráin eins og þruma



Aníta Briem leikkona er flutt í Vesturbæinn með fjölskylduna eftir áralanga búsetu í Los Angeles. Nýbyggt hús stendur autt í Ameríku en Aníta vildi ala dótturina upp á Íslandi.
– sjá síðu 12

Borgarstjórn burt!

Staðan í miðbæ Reykjavíkur er ískyggileg. Laugavegurinn, sem áður var aðalverslunargata bæjarins, hefur á örskömmum tíma orðið að draugagötu fyrir tilverknað borgaryfirvalda. Fjöldi rótgróinna verslana hefur flúið miðbæinn nú að undanfögnu, ótal fyrirtæki lagt upp laupana og eftir stendur auðnin ein. Þarna ræður mestu heft aðgengi með lokunum gatna og fækkun bílastæða, en allt að 4000 stæði hafa verið tekin af okkur borgarbúum á síðustu árum.

Viðskiptavinir komast ekki í bæinn og leita annað. Verslanir og veitingahús fá því engin viðskipti. Um þessar mundir eru yfir 30 verslunarpláss tóm við Laugavegin og gætu trúlega orðið 50 í vetur. Þetta ástand verður ekki skrifað á neina farsótt eða aukna netverslun. Borgarstjórn Reykjavíkur með Dag B. Eggertsson í broddi fylkingar ber fulla ábyrgð á því sem hér hefur átt sér stað.



1. Borgarbúar eru fastir í umferðarteppum alla daga, kvölds og morgna, vegna aðgerðarleysis og skemmdarstarfsemi borgaryfirvalda í samgöngumálum.
2. Umferðartafirnar hafa í för með sér gríðarlega mengun en rannsóknir hafa leitt í ljós að eyðsla bílvéla eykst um 131% í umferðarteppum samanborið við hindrunarlausa umferð.
3. Svifryk í borginni fer ítrekað yfir heilsuverndarmörk. Draga mætti stórlega úr því með því að hreinsa göturnar og rykbinda. Borgaryfirvöld hafa skellt skollaeyrum við slíkum ábendingum.
4. Bragginn í Nauthólsvík var reistur á ábyrgð borgarstjórans. Hann átti að kosta 158 milljónir en endaði í 415 með dönskum puntstráum og öllu tilheyrandi.
5. Reynt er að spilla allri flugstarfsemi í borginni og hrekja flugvöllinn burt sem skapar allt að 1000 manns atvinnu.
6. Grænu svæðin í borginni fá ekki að vera í friði fyrir áformum um þrengingu byggðar, þar á meðal er ráðist á Elliðaárdalinn, náttúruperlu í miðju borgarlandinu.
7. Hvergi er haft samráð við borgarbúa um nýbyggingar. Skemmst er að minnast fyrirhugaðra húsa á saltfiskreitnum við Sjómannaskólann sem reist verða í fullkominni óþökk náganna.
8. Skólamálin eru hneysa hvarvetna. Ekkert samráð hefur verið haft varðandi Korpuskóla og Rimaskóla svo dæmi sé tekið.
9. Framkvæmdir við nýjan innsiglingarvita fóru tvöfalt fram út kostnaðaráætlun.
10. Umhirða grænna svæða er til háborinnar skammar. Tún eru illa slegin, illgresi kæfir runna og rusl og veggjakrot blasir við hvert sem lítið er. Malarhrúgan úti við Eiðsgranda er táknræn fyrir sóðaskapinn sem einkennir borgaryfirvöld.
11. Sorphirðugjöld hafa hækkað mikið undanfarin ár en samt sem áður hefur þjónustan versnað stórlega og sorpilát eru aðeins tæmd hálfsmánaðarlega með öllum þeim óþrifnaði sem því fylgir, að ekki sé minnst á rottuganginn.
12. Biðlistar eftir félagslegri þjónustu lengjast dag frá degi og þannig hefur ástandið verið lengi.
13. Kostnaður við Mathöll á Hlemmi fór 79% fram úr áætlun.
14. Á vakt borgarstjórans hafa orðið alvarleg mengunarslys sem hann hefur skirrst við að taka á af festu. Borgaryfirvöld vissu vel að sjósundsfólk synti í skólpmenguðum sjó vikum saman.
15. Norræn rannsókn leiddi í ljós að 6,3 milljónir plastagana berast úr skólphreinsistöðinni við Klettagarða á hverri klukkustund. Plastagnir eru alvarleg ógn við lífríki heimshafanna og Reykjavík ætti sem höfuðborg sjávarútvegsþjóðar að vera í fararbroddi við verndun lífríkis hafsins. Lítið hefur farið fyrir umbótum í þessu efni.
16. Víða hefur verið ráðist í óskiljanlegar gatnaframkvæmdir með gríðarlegum tilkostnaði. Nægir á benda á Birkimel, Sæmundargötu, Borgartún, Hverfisgötu og Grensásveg, að ógleymdri Hofsvallagötu með alls konar hráskmið, fuglahúsum og fleiru.
17. Borgarlínan – sem enginn veit hvað er – nema hvað hún á að kosta á annað hundrað milljarða hið minnsta. Þessu sukki var fagnað með sérstakri veislu borgarbrodda sem skattgreiðendur voru látnir greiða hálf milljón króna fyrir.
18. Eyðilegging besta kostsins fyrir Sundabraut, svokallaðri innri leið, gerir það að verkum að kostnaður margfaldast.
19. Reykjavíkurborg er de facto gjaldþrota og hefur verið um langa hríð.

Þannig mætti halda lengi áfram að telja og þarf enginn að velkjast í vafa um að Dagur B. Eggertsson er verstí borgarstjóri Reykjavíkur frá upphafi. Sammælumst um að kjósa hann aldrei aftur! Endurreisn borgarinnar getur ekki hafist fyrr en niðurrífsöflin hafa verið brotin á bak aftur.

Bolli Kristinsson
kaupmaður og Reykvíkingur



UPPÁHALDS

BÍLARNIR



Sigríður Elva Vilhjálmssdóttir fjölmiðlakona og flugdólgur hefur brennandi áhuga á nánast öllu með vél. Hún elskar bíla og flugvélar og vill helst ekki gera annað en að þeysast á tryllitækjum um hálandið. Hún deilir hér sínum uppáhaldsbílum sem eru ákaflega misjafnir eins og dagar fjölmiðlakonunnar.

1 Honda CRX

Fyrsti bíllinn minn var af þessari tegund, á low profile dekkjum, með flækjur og spoilerkit dauðans. Elskaði hann út af lífinu þó hann hafi ekki meikað neitt sens sem heimilisbíl miðbæjarrottu.



2 Caterpillar-beltagrafa

Ok, strangt til tekið ekki bíll, en það er fátt sem veitir innilegri hamingju en að moka holu á risagröfu. Í alvöru.

3 Porsche 911

Porsche klikkar sjaldnast, en ég hef sjaldan verið nær því að gráta af gleði en keyrandi 911 GT3 á braut. Bara vélarhljóðið er allt að því klámfengið.

4 Lamborghini Urus

Ég skrifaði reynsluakstursgrein um Urus sem var meira í ætt við ástarbréf en bíladóm og gekk meira að segja svo langt að bjóða annað nýráð til sölu til að fjármagna tryllitækið. Er enn opin fyrir tilboðum.



5 VW Golf

Uppáhalds í flokki raunhæfra kaupar þar sem ég er hvorki búin að selja úr mér líffæri né vinna í lottói. Afburða aksturbíll fyrir peninginn og ber af í sínum verðflokki.

Kæfing nýsköpunar

Nýsköpun er gríðarlega mikilvæg og ekki síst nú þegar atvinnuleysi er að aukast. Krafti og hugmyndaauði verður ekki sagt upp – sé farvegur fyrir þessa mikilvægu lífsorku.

Það er lítið mál að fá góða hugmynd en að koma henni úr minnisbók í framkvæmd er allt annað mál. Sérstaklega í fyrsta skipti. Með enga reynslu er allt erfiðara og leiðin lengri. Því er gríðarlega mikilvægt að geta leitað á góða staði þar sem nýsköpun er tekið fagnandi og ásetningur þess er leiðir vinnuna er skýr.

Tökum dæmi. Kona fær hugmynd. Hún á rétt á atvinnuleysisbótum og getur því sótt um að komast í úrræði á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar sem kallast Frumkvæði og virkar þannig að hún heldur bótunum sínum og fær styrka leiðsögn í að láta hugmynd sína verða að veruleika, svo sem leiðsögn í bókhaldi, gerð viðskiptaáætlunar, markaðsmál og fleira. Þar að auki fer hún á fasta fundi með verkefnastjóra sem heldur utan um þróun verkefnisins og tilvonandi frumkvöðullinn þarf að skila vissum verkefnum á tímabilinu sem saman byggja upp heildstæða viðskiptaáætlun. Þess utan er gríðarlegt magn upplýsinga og leiðbeininga í boði auk þess sem hægt er að bóka fundi með fjölda sérfræðinga.



Þarna finnur okkar kona til sín. Hugmyndin þokast í rétta átt. Þegar hún er við það að missa móðinn, allt tekur lengri tíma en hún gerði ráð fyrir, þá er næsti fundur og hún tölur áfram. Minnt á hversu brött og erfið þessi leið frá hugmynd er en um leið hversu ánægjulegt það er að sjá hana verða að veruleika.

Nokkrum mánuðum síðar er konan farin að ráða aðra í vinnu og huga að næstu hugmynd. Því fylgja símtöl frá ókunnugum og kunnugum sem vilja vita hvernig hún fór að

Því fylgja símtöl frá ókunnugum og kunnugum sem vilja vita hvernig hún fór að þessu.

þessu. Fá ráð og vilja virkja sínar eigin hugmyndir og neista og hún deilir vitneskju sinni auðvitað full eldmóts yfir því hvað sé hægt að gera.

Er þetta góð hugmynd eða er betra að hanga heima á bótum og finna eldmóðinn þynnast út í kalt vetrarloftið? Fleiri veirufréttir, meira atvinnuleysi og minna fyrir peninginn í næstu matvöruverslun?

Nýsköpunarmiðstöð verður lokað um áramótin en þó hefur verið undirritaður samningur þess efnis að Frumkvæði muni halda áfram í einhverri mynd. Samningurinn er undirritaður við Nýsköpunarmiðstöð og gildir fram í mars. Áhugavert þegar litið er til þess að í janúar verða engir starfsmenn á staðnum.

Ráðherra nýsköpunarmála hefur talað fyrir því að nýsköpun sé að færast meira yfir til einkaaðila og því minni þörf á aðkomu ríkisins. Er það góð hugmynd?

Fyrir konuna hér að framan hefði það að öllum líkindum þýtt að hún hefði tapað hluta fyrirtækisins áður en það varð að veruleika með því að þurfa að gefa frá sér hluta fyrirtækisins til að komast inn í Nýsköpunarúrræðið, en það er til dæmis módelið sem Arion banki keyrir á í sínu nýsköpunarúrræði. Ekki slæmur kostur en ekki sá besti og það er ekki hlaupið að því að komast að í slíkum úrræðum hjá einkaaðilum auk þess sem sjaldnast eru tryggðar tekjur á meðan.

Ég er ekki sérfræðingur í þessum efnisum en finnst það þó kristaltært að það sé vond hugmynd að loka Nýsköpunarmiðstöð í miðjum heimsfaraldri og auknu atvinnuleysi. ■

Hollywood til Íslands, takk

SVART HÖFÐI

Svarthöfði var rétt búinn að bursta rykið af kreditkortinu og farinn að skoða pakkagerðir af áfærgju þegar krónaveirukúrfan fékk allt í einu stersprautu og rauk aftur upp. Helvítis focking fokk. Það á ekki af Svarthöfða að ganga á þessum tímum. Enn og aftur er það orðið svart og það eru þung orð komandi frá sjálfum SVART-höfða.

Svo saup Svarthöfði svo miklar hveljur að honum svelgdist á rúllukraganum sínum þegar nýjasta hneykslið kom upp á yfirborðið. Stjórnvöld hefðu getað lokkað hingað inn Hollywood-pakkið með alla sína fullu vasa af gulli með því að hækka einhverja endurgreiðslu um

ogguponsulítil tíu prósent.

Af hverju vilja stjórnvöld ekki Hollywood til Íslands? Erum við í einhverri stöðu til að horfa á stórframleiðendur kvikmynda ganga burtu frá okkur til að leita hagkvæmari kosta? Ættum við ekki frekar að skríða eftir malbikinu auðmjúk, sleikja á þeim yeezy-strigaskóna með útgrátinn maskarann lekandi niður kinnarnar og grátbíðja þau um að gefa okkur annað tækifæri?

Það vakti athygli þegar Netflix ákvað að döpna ekki landi og þjóð Íslendinga í upphafi kórónaveirufaraldursins því við vorum svo oggisslega dugleg í þessu öllu saman. Flott það! Svo fékk Ísland svo góða landkynningu fyrir að vera til fyrirmyndar. Þarna hefðum við geta fengið bara Hollywood eins og sá bær leggur sig til landsins.

Stjórnvöld eru alltaf til í að liðka til fyrir hinum og þessum auðkífingnum á Íslandi en virðast ítrekað vanmeta virði listgreina eins og tónlistar, kvikmynda og þátta. Allt atriði sem hafa áður komið Íslandi á kortið.

Sleppum Hollywood lausu á götum landsins með myndavélarnar sínar. Við munum græða á því þegar kórónaveiruballið er búið og þá erum við komin með klickaða landkynningu.

Engin öskurherferð á öræfum mun jafnast á við George Clooney á Bæjarins bestu. Setjum peningana þangað sem þeir skila okkur bestum árangri.

Ekki í einhverja erlenda auglýsingastofu. Nei, takk, frekar í erlenda kvikmyndagerðarmenn.

Hendum svo kannski í

nokkur kvikmyndaver, frekar en einhverja bragga. Verðum fyrsta val Netflix, Disney og hinna risanna þegar kemur að kvikmynda- og þáttagerð. Nóg eigum við af náttúrufegurð og pláss.

Minna eigum við hins vegar af peningum, en það eiga þessir aðilar nóg af. Þeir bara kæra sig um að fá framleiðslukostnaðinn að einhverju leyti endurgreiddan sem við græðum svo margfalt á þegar kemur að markaðssetningu.

Öskrum ekki á öræfum. Öskrum á stjórnvöld að hleypa Hollywood til landsins. Og fyrir alla muni, ef þið þekkið einhvern í Hollywood, bendið honum á að Svarthöfði var sko í uppsetningu nemandafélags síns í framhaldsskóla á þremur leikritum og er sem stendur alfarið verkefnalaus. ■

SIR ARNAR GAUTI

LÍFSSTÍLSÞÁTTUR



24.09.20

kl. 21:30

SIR ARNAR GAUTI

Lífsstílsfrömuðurinn Arnar Gauti mætir aftur á skjáinn með glænýjan lífsstílsþátt. Í þáttunum heimsækir hann falleg og vel hönnuð íslensk heimili og sýnir áhorfendum fyrir og eftir breytingar. Hann kynnir sér flóruna í íslenskri matar- og veitingahúsamenningu, skoðar uppbyggingu nýrra hverfa þar sem nútíma arkitektúr er í fyrirrúmi og fjallar einnig um ýmis lífsstílstengd málefni.

Ekki missa af fyrsta þætti fimmtudaginn 24. september kl. 21:30.



Öryggismiðstöðin og Húsasmiðjan
bjóða landsmönnum upp á Sir Arnar Gauta



HRINGBRAUT

MEST LESIÐ

Á DV Í VIKUNNI

1 Guðmundur Elís braut gegn fleiri konum – Óhugnanlegar lýsingar í Kastljósi og langur afbrotaferrill Guðmundur Elís Sigurvinsson hefur verið dæmdur fyrir gróf ofbeldisbrot gegn konum. Polandi hans steig fram í Kastljósi og sagði sögu sína.

2 11 drengur fannst látinn í Garðabæ – „Málið er í rannsókn“ 11 ára drengur lést af völdum skot-sárs í heimahúsi í síðustu viku.

3 Auður giftist á Litla-Hrauni og hefur ekki fengið að snerta manninn sinn síðan – „Ég veit ekki hvort ég að hlæja eða gráta“ Vegna COVID fær Jóna Auður Haraldsdóttir ekki að snerta eiginmann sinn sem hún giftist á Litla-Hrauni í júlí.

4 Lára opnar sig um nóttina ör-lagaríku á Hótel Sögu – „Það var gott að kyssa hann“ Lára Clausen, önnur af íslensku stúlkunum sem fóru á hótél enska landsliðsins, steig fram í einkaviðtali við Daily Mail.

5 Páll segir egypsku fjölskyldu-föðurinn vera „ósvífinn“ og Mogginn tekur undir – „Samtökin eru viðurkennd öfgasamtök“ Páll Vilhjálmsson, blaðamaður og kennari, benti á tengsl föðurins í egypsku fjölskyldunni sem vísa átti úr landi við samtökin Bræðralag múslima.

6 Mynd af knattspyrnustjórnun vekur mikla athygli vegna kynfæra – „Er hann með snák í stuttbuxunum?“ Aðdáendur markmanns Chelsea fengu áfall þegar mynd birtist af honum, en á myndinni virtust kynfæri hans risastór.

7 Nadía segir sögu sína af nóttinni á Hótel Sögu í einkaviðtali við The Sun – „Það gerðust hlutir“ Nadía Sif Lindal, hin stúlkun sem fór á fund við ensku landsliðsmennina, steig fram í breskum fjölmiðlum og sagði sögu sína.

8 Nadía og Lára stíga fram í fyrsta íslenska viðtalinu – „Ég eyddi 13 þúsund kalli í þessa drengi“ Þær Nadía Sif Lindal og Lára Clausen stíga fram í hlaðvarpi Sölvu Tryggvasonar.

Í FRÉTTUM ER ÞETTA HELST...



Fjölskylda í felum

Egypskri fjölskyldu var neitað um alþjóðlega vernd á Íslandi í nóvember og átti að vísa henni úr landi á miðvikudag. Fjölskyldan fannst þó ekki þegar yfirvöld bar að garði og er nú í felum á Íslandi. Málið hefur vakið mikla athygli. Dómsmálaráðherra segir reglur ekki eiga við í tilviki fjölskyldunnar sem hefur dvalið hér í tvö ár og fest rætur og ekki komi til greina að breyta reglunum til að heimila fjölskyldunni að setjast að á Íslandi.

Tilfellum fjölgar

Staðfestum tilfellum af COVID-19 smiti fjölgaði mikið í vikunni sem leið. Meðal annars kom upp smit í Háskóla Íslands, í íbúðakjörnum fyrir fatlað fólk og á Reykjalundi svo dæmi séu tekin. Þriðjungur tilfella hefur verið rakinn til vínveitingastaða og voru fæstir þeirra sem greindust í sóttkví.

Jarðskjálftar

Nokkuð var um snarpa skjálfta í vikunni sem leið en tæplega 830 skjálftar voru mældir á mælakerfi Veðurstofu. Á laugardag varð skjálfti af stærðinni 3,0 sem átti upptök rétt við Kleifarvatn. Á mánudag skalf jörð á Dalvík og Ólafsfirði vegna skjálfta sem mældist 3,4 og átti upptök sín 12 kílómetra norðvestur af Gjögurtá. Öflugur skjálfti varð í Vatnajökli aðfaranótt þriðjudags og var hann 3,3 að stærð. Síðdegis á þriðjudag kom enn stærri skjálfti, 4,6 að stærð, á Norðurlandi með upptök í Skjálfaflóa. Fannst sá skjálfti vel á Húsavík og Akureyri. Síðar um daginn kom annar stór skjálfti á svipuðum slóðum sem var 4,0 að stærð. Eldfjallafræðingur hvetur Húsvíkinga til að huga að skjálftavörnum á heimilum.

Eybór og Dóra í hár saman

Borgarfulltrúarnir Dóra Björt Guðjónsdóttir hjá Pírötum og Eybór Laxdal Arnalds hjá Sjálfstæðisflokki hafa eldað grátt silfur í vikunni. Dóra hefur ítrekað nýtt vettvang fjölmiðla og borgarstjórnar til að ásaka Eybór um mútubægni á meðan Eybór sakar Dóru Björt um lygar og íhugar að leita réttar síns gagnvart henni.



Til rannsóknar vegna barnakláms

Fjórir íslenskir karlmenn eru til rannsóknar lögreglu og ákærvalds eftir að gríðarlegt magn barnaníðsefnis fannst í fórum þeirra. Tvö málanna eru komin til ákærvalds og rannsókn lögreglu er á lokastigi í málum hinna tveggja. Lögreglan komst á spor manna eftir að Danir gerðu viðamikla rannsókn á dreifingu og vörslu barnaníðsefnis seint á síðasta ári. Mennirnir höfðu aldrei komið við sögu lögreglu áður.



Brutu síðareglur

Framkvæmdastjóri og ritstjóri Fótbolta.net brutu síðareglur blaðamanna þegar þeir nafngreindu Andreu Rán Snæfeld, leikmann Breiðabliks, eftir að hún greindist með COVID-19 sjúkdóminn. Brotið var metið alvarlegt.

iPhone viðgerðir

 facebook.com/biladursimi

 **780 7459**

 www.biladursimi.com



Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi



Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Traust og faglegt fjölskyldufyrirtæki í 30 ár.

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar er elsta starfandi útfararþjónustan á höfuðborgarsvæðinu.

Við höfum áratuga reynslu við að annast alla þætti útfararþjónustu.

Hægt er að hafa samband allan sólarhringinn alla daga ársins.

Hljá, auðmýkt og virðing er okkar leiðarljós. Við tökum tillit til þess að fólk er í sárum eftir ástvinamissi. Okkar markmið er að veita framúrskarandi og persónulega þjónustu á sanngjörnu verði.

Nánar um okkur:
Sími: 567-9110
Netfang: utfarir@utfarir.is



KOSTAR 305 MILLJÓNIR AÐ LEGGJA NIÐUR NÝSKÖPUNARMIÐSTÖÐ

Starfsfólk Nýsköpunarmiðstöðvar segir litla greiningarvinnu að baki áformum ráðherra um að loka. Í opnu bréfi til ráðherra er skorað á hana að endurskoða ákvörðun sína.

Erla
Hlynsdóttir
erlahlyns@dv.is



Greiningarvinna í tengslum við lokun Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands virðist í mýflugumynd og biðlar starfsfólk miðstöðvarinnar til ráðherra um að endurskoða ákvörðun sína um að leggja miðstöðina niður. Í gögnum úr atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu kemur fram að vilji sé til að færa ákveðin verkefni miðstöðvarinnar til einkaaðila en jafnframt fjölga starfsfólki með sérfræðiseigingu á nýsköpun í ráðuneytinu. „Við höfum ekki fengið rökstuðning fyrir því að það sé besta niðurstaðan fyrir nýsköpun á Íslandi að leggja niður Nýsköpunarmiðstöð“, segir Kjartan Due Nielsen, verknefnisstjóri hjá miðstöðinni og talsmaður starfsmanna.

Nýsköpun og rannsóknir eru ein af sjö megináherslum sitjandi ríkisstjórnar, nýsköpun og uppbygging er eitt af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og í stjórnarsáttmálunum segir: „Ríkisstjórnin mun vinna að því að skilyrði hér á landi fyrir frumkvöðla og sprotafyrirtæki verði framúrskarandi.“

Ákveðið fyrir COVID


Þórdís Kolbrún Reykjarhöf er atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra og í október á síðasta ári kynnti hún nýsköpunarstefnu fyrir Ísland til ársins 2030 og sagði hún við það tækifæri: „Nýsköpun er ekki lúxus heldur nauðsyn.“

Það var síðan í febrúar á þessu ári sem hún tilkynnti fyrirhugaða lokun Nýsköpunarmiðstöðvar. Fyrsta COVID-smitið greindist á Íslandi í lok febrúar og þessi fyrirætlun var því ákveðin áður en faraldurinn fór að hafa áhrif á samfélagið með tilheyrandi atvinnuleysi.

Starfsfólk miðstöðvarinnar hefur verið afar gagnrýnið á fyrirhugaða lokun, og ekki síst skort á samráði og samtali. Í júlí sendi það frá sér ályktun þar sem fram kom að það telur það mikið áfall fyrir nýsköpun í landinu ef Nýsköpunarmiðstöð verður lögð niður. Þá hefur starfsfólk ítrekað óskað eftir skýringum á ákvörðun ráðherra.



Þórdís Kolbrún Reykjarhöf vill loka Nýsköpunarmiðstöð um áramótin og færa verkefnin. MYND/ANTON BRINK



Gögnin úr ráðuneytinu sem DV hefur undir höndum.

Mikill lokunarkostnaður

DV óskaði eftir þeim gögnum sem varpa ljósi á þá greiningarvinnu sem fór fram innan ráðuneytisins og liggur til grundvallar ákvörðun ráðherra. Geimvísinda- og tæknistofnun Íslands hafði áður óskað eftir þessum gögnum en beiðninni var hafnað, líkt og beiðni DV, á þeim grundvelli að um vinnugögn væri að ræða.

DV hefur nú hins vegar undir höndum tvö skjöl úr ráðuneytinu, dagsett 20. ágúst; annars vegar „Áform um lagasetningu“ og svo „Mat á áhrifum lagasetningar“ þar

sem fjallað er um fyrirhugaða lokun Nýsköpunarmiðstöðvar. Ráðherra mun leggja fram frumvarp þess efnis á haustþingi.

Í gögnunum kemur fram: „Sett verða ný lög um opinberan stuðning við nýsköpun sem fella brott lög nr. 75/2007 og NMÍ þannig lögð niður sem sérstök ríkisstofnun og verkefni hennar flutt til annarra aðila. Þá verður kveðið á um stofnun félags í samstarfi við háskólasamfélagið sem sinnir rekstri frumkvöðla, rannsóknar- og tækniseturs. Í ákvæðum til bráðabirgða verður kveðið á um nánari

útfærslu niðurlagningar, tilfærslu eigna og skyldna sem og atríði sem verða starfsmenn stofnunarinnar.“

Bein framlög úr ríkissjóði til Nýsköpunarmiðstöðvar eru nú rúmlega 700 milljónir króna árlega. Gert er ráð fyrir að kostnaður ríkisins, annars vegar vegna lokunar stofnunarinnar og verkefna hennar sem flytjast í annað form verði 655 milljónir króna á árinu 2021, þar af er lokunarkostnaðurinn 305 milljónir. Í frumvarpi verður gert ráð fyrir að framlag úr ríkissjóði verði 350 milljónir árið 2020.

Ekki endanleg afstaða

Í gögnunum segir enn fremur: „Með frumvarpinu verður stofnað félag í samvinnu ríkis og háskólasamfélagsins um rekstur frumkvöðlaseturs og tækni- og rannsóknarseturs ... Vinnuheiti slíks félags er Nýsköpunargarðar og lagt upp með að starfsemin fari fyrst um sinn fram í núverandi húsnæði NMÍ í Keldnaholti en flytjist í Vatnsmyri innan tveggja ára.“

Í opnu bréfi sem starfsfólk Nýsköpunarmiðstöðvar sendi Þórdísi Kolbrúnu í gær skorar það á hana að endurskoða ákvörðun sína og var vísað í langþráðan fund starfsfólks með ráðherra þann 10. sept-

ember: „Fundurinn staðfesti einnig að ráðuneytið er ekki búð að taka endanlega afstöðu hvernig verkefnum Nýsköpunarmiðstöðvar verði best hagað og sé tilbúið í frekari umræður og færa hlutina í þann farveg sem er best fyrir nýsköpunarumhverfið á Íslandi. Við fögnum því.“

Þá er í bréfinu bent á að frumkvöðlasetur Nýsköpunarmiðstöðvar hafi „ungað út“ fjölda sprotafyrirtækja, í dag séu 400 þeirra enn starfandi og velta þau samtals um 8 milljörðum króna. „Það á að leggja niður þjónustu gagnvart frumkvöðlum og sprotafyrirtækjum sem eru að taka sín fyrstu skref, án þess að nokkuð komi í staðinn. Þessir aðilar hafa ekki efni á því að borga háar upphæðir fyrir ráðgjöf og aðstöðu og því hefði þetta þau áhrif að færri nýsköpunarfyrirtæki væru stofnuð“, segir þar.

Ríkir hagsmunaárekstrar

Áform ráðherra kveða á um að Rannsóknarstofa byggingariðnaðarins sem heyrir undir Nýsköpunarmiðstöð verði lögð niður og samkeppnisjóður verði stofnaður í staðinn. Kjartan segir þetta áhyggjuefni: „Það er alvarlegt að það eigi að leggja niður byggingarannsóknir og stofna samkeppnisjóði í staðinn því í byggingum liggur stærstur hluti eigna almennings og sífellt er algengara að fólk verði fyrir bæði fjárhags- og heilsutjóni vegna rakaskemmda og myglu í húsum. Rannsóknir sem eru gerðar út frá hagsmunum almennings og skila kannski ekki arði. Einkamarkaðurinn getur ekki verið drifkraftur þessara rannsókna, einfaldlega vegna mjög ríkra hagsmunaárekstra.“

Björn Jónsson, annar stofnandi frumkvöðlafyrirtækisins Hefring ehf. sem vinnur að þróun snjallsiglingakerfis fyrir báta og skip, segir sitt fyrirtæki hafa fengið margvíslegan stuðning frá Nýsköpunarmiðstöð. Hann tekur ekki afstöðu til þess hvort leggja eigi miðstöðina niður eður ei en leggur áherslu á að óvissunni um framhaldið verði eytt. „Það er nægilega mikil óvissa almennt hjá sprotafyrirtækjum og frumkvöðla-starfsemi til að ekki sé bætt á það þegar óvist er um afdrif helsta baklands nýsköpunar á landinu.“ ■

Skýndilegt hjartastopp

getur hent hvern sem er, hvenær sem er og hvar sem er!



Þegar það gerist geta hjartastuðtækin frá Donnu skilið á milli feigs og ófeigs. Tækin frá okkur er að finna um allt land og hefur fjölda manns verið startað í gang með þeim á ögurstund. Donna ehf hefur verið leiðandi í sölu á þessum tækjum hérlendis frá upphafi. Frá Donnu komu fyrstu tækin sem töluðu íslensku, ávallt með hagstætt verð og enn bjóðum við nýjungar.



Samaritan PAD 350P – tæki sem hefur margsannað sig.

Nú þegar eru fjöldi Íslendinga í fullu fjöri sem startað hefur verið í gang með hjartastörturum frá Donnu. Vertu viðbúinn og fáðu þér strax Samaritan PAD hjartastartara. Fljótvirkur og auðveldur - tákni og íslenskt tal leiðbeina um hvert skref. Handhægur - léttasti og minnsti hjartastartarinn. Sterkbyggður - með hæstu einkunn fyrir ryk- og vatnsvörn. 8 ára ábyrgð framleiðanda. Mest selda tækið okkar er samaritan® PAD 350P.




Nýtt HeartSine samaritan® PAD 500P með lífgunarráðgjafa.

Það er auðvelt að gefa rafstuð. Hjartahnoð og blástur er erfiðara. Nýja samaritan® PAD 500P tækið aðstoðar við hjartahnoð með því að segja til um, og sýna með táknum, hvort hnoðað er of hratt eða hægt, of laust eða of fast, eða að hnoðað sé rétt. Viðnáms hjartarit (ICG) er notað til að mæla breytingar í hjartaviðnámi sjúklings og ákvarða blóðflæðibreytur hjartans. Í HeartSine samaritan® PAD 500P með lífgunarráðgjafa (CPR Advisor™), eru þessar mælingar notaðar til að gefa til kynna blóðflæði frá hjartanu, sem er svo notað til að meta árangur hjartahnoðs við endurlífgun (CPR). Þetta er gert með venjulegum rafskautum og þarf því ekki annan eða flókinn búnað.

HVAR ER NÆSTA STUÐTÆKI?

Við kynnum til sögunnar nýtt ókeypis app fyrir símann þinn sem getur nýst ef vá ber að höndum. Við höfum skráð inn þau tæki sem Donna ehf hefur selt. Eigendur annarra tækja geta skráð þau inn. Fyrstu hjálpendur geta skráð sig inn í kerfið þannig að sjá má hvar næstu aðstoð getur verið að fá.



<https://citizenssavelives.com/is>



Corpuls3 - Nýtt byltingakennt hágæða hjartastuðtæki.

Fyrir sjúkrahús, heilsugæslur og sjúkraflutninga kynnum við frá Corpuls í Þýskalandi algjörlega nýtt og byltingakennt Corpuls3 stuðtæki/skjá. Tækið er í þrem hlutum sem tengjast þráðlaust saman. Stór og vandaður 8,4" litaskjár sem auðvelt er að stjórna með 6 línurit ásamt öllum mældum upplýsingum samtímis. Ef ekki er þörf fyrir stuðtækið má aftengja það og nota skjáinn ásamt tengihlutunum. www.corpuls.com



Corpuls1 er létt og fullkomið hjartastuðtæki. Bæði sjálfvirk og handvirk.




Rétt hjartahnoð. Setjið Beaty á miðjan brjóstakassa og þrýstið kröftuglega niður. Hljóðmerki heyrir þegar þrýst hefur verið 5 sm niður.



Corpuls CPR er nýtt og fullkomið hjartahnoðstæki. Hnoðar bæði börn og fullorðna. Corpuls cpr er nýtt, fullkomið og einstakt hjartahnoðstæki. Einstakt, vegna þess að það hentar best til notkunar á hjartadeildum og í neyðartilfellum. Einstakt, vegna þess að það veitir óheftan aðgang að brjóstholi meðan hnoð er í gangi, þökk sé frábærri hönnun með einni festingu. Einstakt, vegna þess að corpuls cpr er eina tækið á markaðnum sem einnig er viðurkennt fyrir börn frá 8 ára aldri.

Brayden æfingadúkkur sýna með ljósi ef hnoðtaktur og dýpt er rétt. Unglinga- og barnadúkkur einnig fánlegar.



Vefverslun og nánari upplýsingar um vöru og verð: www.donna.is
Erum nú á Facebook: donna ehf

Donna

Móhelli 2,
221 Hafnarfirði

Sími 555 3100
www.donna.is

Sex vikur í bandarískar forsetakosningar

Heimir Hannesson
heimir@dv.is



Þegar sex vikur eru til kosninga í Bandaríkjunum er staðan frá því í sumar svo til óbreytt. Frambjóðendurnir virðast báðir vera að auka fylgi sitt í „sínunum ríkjum“, það er, ríkjum þar sem þeir eiga vísan stuðning. Á meðan virðist þeim lítið þoka áfram í baráttunni um sveifluríkin svokölluðu, sem nú harðnar með hverjum deginum.

Deilur við McCain lifa

Arizona, Flórída, Georgía, Norður-Karólína og Ohio eru, sem fyrr, í eldínunni.

Arizona er ríki sem almennt hefur hallast í átt að Repúblíkönunum en kjósendur þar virðast eiga í erfiðleikum með að sætta sig við Trump sem frambjóðenda í þessum kosningum. Trump sigraði í ríkinu 2016 með 4% en Trump hefur ekki mælst með svo mikinn stuðning í ríkinu síðan þá. John McCain, fyrrverandi forsetaframbjóðandi og öldungadeildarþingmaður Arizona, var hafður í miklum hávegum meðal kjósenda í ríkinu, sérstaklega Repúblíkana. Það hjálpaði því ekki málstað

Trump að lenda í hatrömmum og opinberum útistöðum við McCain sem entust fram að andláti McCains á kjörtímabilinu. Raunar entust útistöður þeirra fram yfir dauða McCains, því Trump var ekki velkominn í jarðarför hans.

Georgía og Norður-Karólína veittu Trump sína kjörmenn í kosningunum 2016 en Biden á ágætis möguleika í á að ná þeim til baka. Marktækar kannanir sýna svo til jafnt fylgi frambjóðendanna í Norður-Karólínu og í Georgíu. Þó gefa nýlegustu kannanir í Georgíu Trump um 5-7% forskot en slíkar sveiflur í báðar áttir eru ekki óþekktar.

Kastljósið beinist að Flórída

Árið 2016 gjörsigraði Trump í Ohio með 51% gegn 43%. Var það breiðasta bil milli flokkanna tveggja í ríkinu síðan 1988. Í kosningunum nú getur brugðið til beggja vona.

Ohio er dreifbýlt ríki og virðast kjósendur þar hafa tekið vel í kosningaloforð Trumps fyrir síðustu kosningar. Þar talaði Trump beint til hóps kjósenda sem hafði upplifað sig sem „gleymdan“ í fyrri kosningum. Hvítir íbúar bandarískra sveita sem byggja hag sinn á framleiðslu eða landbúnaði voru hallir undir „Make America Great



Rúmar sex vikur eru til kosninga og hiti að færast í leikana.



MYNDIR/GETTY

Again“-boðskap Trumps. Talsvert minni áhersla hefur verið lögð á þessi atriði í kosningabaráttunni nú og Biden ættleitt sumar hugmyndir Trumps frá því 2016 og gert að sínum. Það er þó þess virði að fylgjast vel með gangi mála í Ohio, enda hefur sigurvegarinn í Ohio orðið forseti í hverri einustu kosningu síðan 1964. Raunar hefur kjósendum þar

adeins skeikað tvisvar síðustu 124 ár.

Eins og svo oft áður eru miklar líkur á að kosningarnar muni standa og falla með úrslitunum í Flórída. Í síðustu sex kosningum hafa Demókratar unnið þrisvar og Repúblíkanar þrisvar. Reyndar munaði aðeins 0,8% í síðustu kosningum, en það dugði Trump þó til að taka alla 29

kjörmennina sem ríkið hefur upp á að bjóða. Marktækar kannanir sýna að Biden á raunverulegan möguleika og val Bidens á Kamala Harris sem varaforsetaefni hefur mælst vel fyrir í ríkinu.

Kosið verður 3. nóvember að þessu sinni og má gera ráð fyrir því að mikill hiti færast í baráttu Trumps og Bidens fram að því. ■

Punktur úr pólitíkinni

Erla Dóra Magnúsdóttir
erladora@dv.is



Hiti virðist vera að færast í pólitíkina enda aðeins tvær vikur í þingsetningu. Ljóst er að komandi þing er síðasta þingár ríkisstjórnarinnar fyrir kosningar, en Katrín Jakobsdóttir hefur gefið það út að hún stefni á að boða til kosninga haustið 2021. Mörg stór mál úr stefnuskrá ríkisstjórnarinnar eru enn ókláruð, enda riðlaðist dagskrá nýliðins þings töluvert vegna útbreiðslu COVID-faraldursins í upphafi árs. ■



Rósa Björk sagði sig úr VG í vikunni.

MYND/ANDRI MARINÓ

● Helgi með COVID

Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, hefur greinst með COVID-19. Hann kveðst þó vera við ágætis heilsu en er kominn í einangrun. Alþingi kemur ekki saman fyrr en 1. október svo aðrir þingmenn þurfa ekki að sæta sóttkví.

● Rósa hættir

Rósa Björk Brynjólfssdóttir þingmaður sagði sig úr þingflokki Vinstri grænna á fimmtudag. Ástæðan er mál efni egypsku fjölskyldunnar sem vísa átti úr landi á miðvikudag. En Rósa var óánægð með að flokkur hennar hefði ekki beitt sér fyrir því að fjölskyldan fengi dvalarleyfi á Íslandi.

● Ógleði í borgarstjórn

Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi Miðflokksins, átti ekki orð í vikunni vegna framgöngu Dóru Bjartar Guðjónsdóttur, oddvita Pírata, á borgarstjórnarfundum um meinta mútubægni Eyþórs Arnalds, oddvita Sjálfstæðisflokks. Sagði hún að sér væri óglatt yfir ummælum Dóru og gekk af fundi borgarstjórnar á þriðjudag.

● Varaformannsslagur í Samfylkingunni

Helga Vala Helgadóttir tilkynnti í vikunni að hún hygðist bjóða sig fram til varaformanns Samfylkingarinnar. Heiða Björg Hilmisdóttir er núverandi varaformaður og hefur ekki gefið neitt til kynna um að hún hygðist hætta. Því má fastlega búast við að slegist verði um varaformannsstöðuna á komandi landsfundum.

● Benedikt snýr aftur

Benedikt Jóhannesson, fyrrverandi formaður Viðreisnar, ætlar að sækjast eftir að leiða lista Viðreisnar í einhverju kjördæmi á Suðvesturhorni í næstu þingkosningum. Hann segir þó ekki að hann sé að fara gegn Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, formanni flokksins, og segir þau eiga í ágætis samstarfi.

● Áslaug Arna, martröð barna

Hart var tekist á um brottvísun egypsku barnafjölskyldunnar sem fara átti fram á miðvikudaginn á samstöðufundi á Austurvelli á þriðjudaginn. Hröpuðu mótmælendur meðal annars „Áslaug Arna, martröð barna“. Lögmaður fjölskyldunnar sagði í viðtali við DV að hann teldi afskiptaleysi Ásleaugar vera þrælpolitískt í eðli sínu og væri til þess fallið að „stöðva blæðingu“ fylgis Sjálfstæðisflokks til Miðflokksins.

STEIKARVEISLA

- Humarsúpa
- Nauta piparsteik
- Súkkulaði Lion Bar

Kynningarverð 5.990 kr.

Fullt verð: 8.990 kr.

Fordrykkur fylgir hverri 5.000 kr. ferðagjöf

**BÓKA
BORÐ**



FOOD CELLAR

MATARKJALLARINN

Auttt hús í Ameríku

Aníta Briem leikkona hefur einstaka nærveru. Hún er hæglát og krefst ekki mikillar athygli eða orku heldur skilur hún þvert á móti eitthvað óútskýrt eftir. Aníta er flutt í Vesturbæinn með fjölskylduna sína og hefur aldrei verið eins hamingjusöm og eftir að hún ákvað að flytja ekki inn í einbýlishúsið sem þau hjónin voru að byggja í Los Angeles. Hjartað vildi heim.

Þorbjörg
Marínósdóttir
tobba@dv.is



Förðun: Elín Reynisdóttir
Myndir: Anton Brink
Sérstakar þakkir:
Center Hótel – Miðgarður

Aníta Briem leikkona byrjaði leiklistarferil sinn aðeins 9 ára gömul þegar hún lék Ídu í Emil í Kattholti í Þjóðleikhúsinu. Þá varð ekki aftur snúið. Listin á hug hennar allan og hún sinnir henni vel, sem útskýrir vinsældir hennar sem leikkonu.

Aníta hefur ekki langt að sækja framkomuhæfileika sína, en hún er dóttir trommuleikarans Gunnlaugs Briem og söngkonunnar Ernu Þórarinsdóttur. Aníta er nán foreldrum sínum og er mikil hamingja fólgin í því að þurfa nú aðeins að ferðast nokkra kílómetra í kaffi.

Aníta Briem brosir með öllu andlitinu og ber með sér hlýju og umhyggju fyrir umhverfi sínu. Hún er mjög vel máli farin, með fallegan orðaforða og notar hendurnar þegar hún talar svo að einfaldar frásagnir lifna við þegar hún lýsir þeim. „Ég var alveg ótrúlega feimið barn. Og dreymin. Ég gat gleymt mér í aðstæðum og gleymdi fólkinu í kringum mig og man til dæmis eftir því að hafa verið að hlaupa um og leika mér í strætó algjörlega ómeðvitund um umhverfi mitt þar til bílstjórinn bað mig vinsamlegast um að setjast niður og hætta þessum hamagangi,“ segir Aníta, sem fann sig því fljótt í leiklistinni. Þar voru skil draums og veruleika ekki

svo skýr og feimnin vék fyrir ævintýrum dagsins.

Eineltið lúmskt

Á svipuðum tíma og Aníta lék sitt fyrsta hlutverk í Þjóðleikhúsinu skipti hún um skóla þar sem hún varð fyrir miklu einelti. „Ég byrjaði í nýjum skóla og byrjaði á því að vera mikið í burtu vegna æfinga. Svo var ég í viðtölum í blöðum, á forsiðu barnablaðs ABC og Æskunnar og ég held að það hafi verið ástæðan fyrir eineltinu. Klassískt óöryggi og afbrýðisemi. Þetta er svo lúmskt. Það tók mig langan tíma að átta mig á að þetta væri einelti. Mér fannst ég bara vera ömurleg. Ef það er sagt nógu oft við þig þá verður niðurstaðan sú í huga þér að þú hljóttir að vera ömurleg.“

Það tók hana heilt ár að segja mömmu sinni frá eineltinu sem hún varð fyrir í nýja skólanum. „Mamma áttaði sig strax og setti merkimiðann á hvað var í gangi. Þetta var einelti,“ segir Aníta sem fór þá aftur í gamla skólann sinn. Hún var á þessum tíma einkabarn og segist ekki hafa verið von því að taka slaginn.

„Ég þurfti ekki að berjast fyrir hlutunum eða dótinu mínu því ég eignaðist ekki systkin fyrr en ég var orðin 14 ára. Ég á ennþá svoltíð erfitt með að standa með sjálfri mér. Ef fólk fer í hart við mig þá fer ég í algjöran baklás. Ég lem ekki í borðið. Ég er að reyna að vera ákveðnari í að standa á mínu.“

Að því sögðu segist hún hafa lært að þeir sem berji í borðið séu ekki endilega alltaf þeir sem viti best. „Það kom mér

á óvart þegar ég fór út í heiminn að þeir sem tala hæst og eru ákveðnastir eru ekki endilega þeir sem vita best, þó ég hafi haldið það þegar ég var yngri.“

Fyrsta kauphækkunin

Aðspurð um hvernig gangi að semja um laun þegar hún eigi erfitt með að berja í borðið lifnar allt andlitið við og bjart bros brýst út. Ljúf minning skýtur upp kollinum. „Þegar ég var 12 eða 13 ára var ég í minni annarri uppfærslu sem var Kardimommubærinn. Ég pantaði tíma hjá Stefáni Bald, sem var þjóðleikhússtjóri á þeim tíma, og sagði að mér myndist að ég ætti að fá aðeins hærri laun. Það væri ekki hægt að ég væri á sama taxta og í minni fyrstu uppfærslu þegar ég var 9 ára. Kannski hefur honum fundist þetta nógu undarlegt, þetta varð allavega til þess að hann lét mig fá einhverja smá kauphækkun. En síðan þá hef ég alltaf verið með umboðsmann. Alveg frá því að ég útskrifaðist úr leiklistarskólanum. Það er núna fyrst þegar ég er komin aftur til Íslands að vinna að ég er farin að semja aftur sjálf,“ segir Aníta og viðurkennir að það sé ekki eitthvað sem henni finnst eftirsóknarvert. „Ég er alveg ömurleg í því. Ég ætti náttúrulega ekki að viðurkenna það. Ég bara þrífst ekki á því að eignast sem mest af peningum. Ég hef bara aldrei verið þannig. Það var aldrei nein umræða í mínu uppeldi um peninga. Það var engin meðvitund hjá mér þegar ég var barn um peninga.“

Sjónvarpsþættirnir Ráðherrann, sem framleiddir eru af Sagafilm, fara í loftið á sunnudagskvöldið á RÚV. Þar fer Aníta með eitt aðalhlutverkanna ásamt Ólafi Darra Ólafssyni.



Mamma hefur sagt mér eftir að ég varð fullorðin að það var oft mjög erfitt hjá þeim peningalega og jafnvel tæpt að kaupa í matinn. Ég fann aldrei fyrir því og vissi ekki hvað merkjavara var eða dýr húsgögn.

Það var bara aldrei talað um það. Það var aldrei í minni meðvitund. Ég veit ekki hvort það var út af því, en peningar eru ekki það sem keyrir mig áfram. Ég lifi bara þannig að ef ég hef það þægilegt, hef húsaskjól og get séð fyrir mínu fólki og fæ að vinna við það sem ég elska, þá er ég hamingjusöm.“

Alsæl í Vesturbænum

Aðspurð um hvort það sé minni spennu fólgin í verkefnum hérlendis en í Los Angeles, þar sem hún hefur verið búsett ásamt eiginmanni sínum og dóttur um árabil, segir hún það af og frá. „Ég hef fengið að kafa ofan í verkefni og persónur í verkefnum hér heima, sem eru svo miklu meira spennandi og krefjandi

heldur en ég hef verið að gera úti. Það, fyrir mér, er allt. Við búum í yndislegru í búið í Vesturbænum, það að geta labbað í Vesturbæjarlaugina og á Kaffi Vest er stórkostlegt. Ég hef bara aldrei verið hamingjusamari,“ segir Aníta, sem flutti alfarið til landsins í sumar ásamt sex ára gamalli dóttur sinni Míu og eiginmanni sínum Constantine Paraskevopoulos. Constantine er grískættaður en hefur búið í Bandaríkjunum lengi, þar sem hann starfar sem leikstjóri og handritshöfundur.

Hvernig gengur honum að aðlagast hér á Íslandi?

Hún hlær. „Það er ekki komin reynsla á það. Hann var fastur svo lengi í Bandaríkjunum á þessu ári. Ég er búin að vera hérna síðan í janúar með Míu, en hann kom ekki fyrr en í júní. Fyrst ætlaði ég bara að vera í þrjá mánuði í kvikmyndaverkefni en svo kom Covid. Í fyrra hafði ég svo komið í nokkra mánuði þegar tókur á Ráðherranum stóðu yfir. Þá kom Mía með



„Það tók mig langan tíma að átta mig á að þetta væri einelti. Mér fannst ég bara vera ömurleg. Ef það er sagt nógu oft við þig þá verður niðurstaðan sú í huga þér að þú hljótir að vera ömurleg.“

mér og mér fannst það æðislegt tækifæri að hún fengi að koma hingað og fara í skóla í nokkra mánuði. Svo þegar það kom að því að fara aftur heim þá var ég bara ekki til í það.“

Aníta segir uppeldið sem Reykjavík bjóði upp á hafa kallað á heimkomu. „Það er ofboðslega mikill menningarmunur á Íslandi og Bandaríkjunum. Það eru auðvitað augljósir hlutir eins og frelsið, að hún geti skottast ein út á róló eða út í Kjötborg úti á horni, sex ára gömul. Þó hún væri tólf ára þá fengi hún ekki að fara neitt ein í Bandaríkjunum.“

Ef ég er að versla í matinn í súpemarkaði þá sleppi ég aldrei af henni takinu. Ég hugsaði líka hvernig einstaklingur er ég að móta? Það er allt annar einstaklingur sem kemur undan því að eyða æsku sinni í borg eins og Los Angeles eða í Reykjavík. Allt í einu fannst mér óhugsandi að hún myndi ekki alast upp í Reykjavík, mér þykir svo ótrúlega vænt um þennan stað.“

Taldi niður dagana

„Ég fann þetta svo ótrúlega sterkt. Því að koma heim fylgdu alls ekki blendnar tilfinningar eða málamiðlanir. Það er svo þakklátt í lífinu þegar þú upplifir svona stundir. Þegar það er enginn vafi á að það sem þú ert að gera sé það rétta. Þannig var þetta. Bara eins og þruma. Ég fór aftur út eftir að tókum á Ráðherranum lauk og það var alveg ótrúlega erfitt. Mér fannst óbærilega erfitt að koma út úr þeim heimi sem hafði skapast við tókurnar og yfirgefa persónurnar, sem voru auðvitað ekki alvöru fólk, en ég hafði helgað mig í þennan tíma og ég var líka mjög treg að fara frá Íslandi.“

Þegar mér var boðið að koma í janúar og leika í Skjálfta, sem er kvikmynd gerð eftir bók Auðar Jónsdóttur, þá byrjaði ég strax að telja niður dagana í að koma aftur heim.

Ég var samt ekki að hugsa um að flytja heim. En þegar tókur á Skjálfta voru að klár-

ast og Covid tók við, þá fann ég að ég var í raun fegin að fá að vera á Íslandi áfram. Þá áttaði ég mig á að ég þurfti að staldra við og hlusta á inn-sæið.“

Aníta segist búa vel að því að hafa búið erlendis en hún bjó átta ár í London áður en hún flutti til L.A. „Mér finnst mikilvægt að hafa upplifað að fólk gerir hlutina allt öðruvísi í öðrum menningarheimum og það má gera alls konar. Það er svo mikilvægt fyrir ungt fólk að sjá og skilja hvað er verið að gera annars staðar í heiminum og svo er núna dásamlegt að geta komið aftur heim með þá vitneskju og þroska í farteskinu og kunna að meta landið sitt á djúpstæðari hátt.“

Ég hef verið svo lánsöm með öllum þessi tækifærum sem mér hafa verið gefin í alls konar hlutverkum hér á einu ári, að fyrir mér er ekkert sem ég vil meira en að vera hér á Íslandi. Hér vil ég vera.“

Aníta segist ekki vera föst í hugmyndum um frama í útlöndum. Í raun sé málið afskaplega einfalt. „Þetta snýst bara um hvernig manni líður og hvar maður er hamingjusamur. Ef ég hugsa bara um mitt listamannslíf þá er ég að nærast þúsund sinnum betur hérna heima en ég hef gert lengi. Það er bara ekki samanturðarhæft.“


Hús er bara hús

Í júní hófust tölur á kvikmyndinni Svar við bréfi Helgu eftir samnefndri bók. Constantine, eiginmaður Anítu, kom þá til landsins og var fljótur að átta sig á að eitthvað lá Anítu á hjarta. „Við áttum í kjölfarið mjög heiðarlegt og erfitt samtal. „Ég sagði honum að ég fyndi það svo sterkt að það væri ekkert annað í boði fyrir mig og fyrir dóttur okkar. Hann fór ekki strax í vörn eins og ég bjóst við. Ég varpa þessari sprengju á hann en hann sagði: „Aníta, ég ætla að vera nógu skynsamur til þess að taka mér smá tíma og hugsa málið.“

Hann gerði það og kom til baka með tillögu. Við erum að klára að byggja okkur hús í Los Angeles sem er að verða tilbúið og hann spurði hvort ég væri ekki tilbúin í að við færum aftur út, kláruðum húsið og gengjum frá okkar málum og myndum svo flytja til Íslands eftir ár.

Ég svaraði að ég þyrfti að fara út í göngutúr að hugsa málið og gjörsamlega grét þar úr mér augun við tilhugsunina. Þá hugsaði ég bara: Nei, þetta gengur ekki. Ég var svo viss í hjarta mínu að þetta væri rétt. Þegar hjartað er að tala svona ákveðið til þín eins og það gerði hjá mér, þarf að standa með því,“ segir Aníta sem býr nú á Ásvallagötu með fjölskyldunni sinni. Nýja húsið stendur hins vegar autt í Los Angeles.

„Þetta er bara hús, hús er bara hús. Við getum leigt það út. Húsið er bara efniviður. Hús eða æska barnsins míns?“ Nú talar hún með höndunum



Aníta treysti innsæinu, sem fleytti henni aftur heim.

„Eldri maður, sálfræðingur, að segja mér hvað þetta væri hættulegt sem ég væri að gera. Ég vissi alveg hvað þetta var hættulegt.“

og leggur áherslu á það sem hún segir.

„Það er bara ekki spurning hvað ég vel. Ég gat illa hugsað mér að dóttir mín myndi missa þessa nálægð við ömmu sína, frænku og stórfjölskylduna. Ég ólst upp í mjög nánu sambandi við ömmur og afa og það er svo mótandi.“

Aníta er lausnamiðuð og

flækir ekki málin að óþörfu. Þegar hún er spurð hvað eiginmaður hennar ætli sér í atvinnumálum hefur hún ekki áhyggjur. „Fólk er ekki að koma saman í Bandaríkjunum. Hann getur unnið í sínum verkefnum mestmegnis úr fjarlægð. Það er svo spennandi orka í bransanum hérna heima, svo hver veit nema að

hann fari að gera eitthvað hér. Það er bara allt opið.“

Lífshættuleg þráhyggja

„Það sem mótaði mig mest sem barn og ungling var leikhúsið. Ég eyddi mestu af mínum tíma frá 9 til 16 ára í leikhúsinu. Ef ég var ekki þar var ég að hugsa um hvenær ég kæmist þangað næst.

Þegar jafnaldrar mínir voru á djamminu þá var ég í leikhúsinu og vildi hvergi annars staðar vera. Ég var alltaf mjög meðvitað um það að leiklistin er afl sem getur auðveldlega hrifið fólk með sér. Ég var því strax 10 ára gömul farin að hugsa um hvort ég væri svona hrifin af leiklist vegna sviðsins og athyglinnar, eða hvort það væri eitthvað dýpra og meira. Ég gerði mér strax grein fyrir því að ef ég ætlaði að gera leiklistina að ævistarfi mínu yrði það að vera af réttum ástæðum.“

Aníta er komin af listafólki og vissi að sviðslífið var ekki bara dans á rósum. „Ég vissi að þetta er oft krefjandi og erfitt líf. Fjölskyldumynstrið sem fylgir því og peningavesen.“

Sextán ára gömul var Aníta hins vegar komin með það á hreint að ekkert annað kæmist að en leiklistin og hún flutti til London í undirbúningsnám í leiklist.

Árið áður hafði hún veikt mjög alvarlega af anorexíu og foreldrar hennar studdu hana í að breyta um umhverfi og fluttu með henni til Bretlands.

„Að skipta um umhverfi gerði mér rosalega gott og ég náði að setja fókuszinn á námið.“ Aníta segir sjúkdóminn hafa tekið mikinn toll af sér og hún var lögð inn á spítala með næringu í æð og í kjölfarið dvaldi hún á barna- og unglingsgeðdeild í tvo mánuði.

„Í mínu tilfelli þá finnst mér sjúkdómurinn koma út frá persónuleikaeinkenni sem er þessi ofboðslegi agi og súper fókus sem jaðrar við þráhyggju. Sjúkdómurinn talaði inn á það svið og þarna gat ég stjórnað öllu. Fyrir mig hafði sjúkdómurinn miklu meira með stjórnun, aga og þráhyggju að gera heldur en líkamlegt útlit. Þessi persónuleikaeinkenni eru enn sterk í mér en ég hef fundið þeim heilbrigðari farveg í leiklistinni. Ég hef meðvitað verið að beina þessari orku á uppbyggjandi stað. Ég get setið klukkustundunum saman yfir handriti og brotið það niður og sökk mér í það á meðan áður fyrr sökkti ég mér í næringarfræði og þráhyggjan tók lífshættulega stefnu,“ segir Aníta, sem segist ekki finna fyrir einkennum anorexíu í dag.

„Það er mikilvægt fyrir mig að borða vel og vera heilbrigð og hraust svo að hausinn á mér virki sem best. Ég finn að ef ég er ekki að borða vel og nóg, þá er einbeitingin ekki til staðar og ekki líkamlegur kraftur og styrkur. Ég er það lánsöm að þetta hangir ekki yfir mér í dag.“

Aníta segir að hún gæti vel hugsað sér að koma að aðstoð fyrir ungar konur í sömu sporum. „Það hefur örugglega margt breyst, en mér fannst þegar ég var að takast á við þetta að aðferðafræðin væri mjög gamaldags. Eldri maður, sálfræðingur, að segja mér hvað þetta væri hættulegt sem ég væri að gera. Ég vissi alveg hvað þetta var hættulegt. Það er ekki rökhugsunin

sem er í gangi í höfðinu á þér.“

Árásarmaður í leynd

Aníta hefur verið mjög eftirsótt sem leikkona hérlendis. Má þá helst nefna sjónvarps-seríuna Ráðherrann, kvikmyndina Skjálfta, sem Tinna Hrafnadóttir leikstýrir og verður frumsýnd á næsta ári, kvikmyndina Svar við bréfi Helgu, byggða á samnefndri bók eftir Bergsvein Birgisson, leikstýrt af Ásu Helgu Hjörleifsdóttur, og Berdreymi sem Guðmundur Arnar Guðmundsson leikstýrir. Hún segir öll þessi verkefni vera með þeim mest krefjandi á ferli sínum en í Skjálfta leikur Aníta flogaveika konu og er hlutverkið því mjög krefjandi líkamlega.

Hún sökkta sér langt ofan í karakter persónunnar sem hún leikur, með öllu því sem tilheyrir. „Síminn minn er fullur af myndböndum af mér að æfa mig að fá flogaveikistö. Það var nauðsynlegt að ná þessu rétt. Myndin snýst ekki um flogaveiki en flogaveikin sjálf er samt stórt þúsluspil í atburðarásinni. Auður Jónsdóttir, höfundur bókarinnar sem handritið er skrifað eftir, lýsti þessu svo vel þegar hún sagði að þetta væri eins og að vera með árársmann hangandi yfir sér og vita aldrei hvenær hann ræðst á þig.“

Aníta rannsakaði sjúkdóminn og andlegar og líkamlegar afleiðingar hans til þess að ná utan um persónuna sem hún myndi leika.

„Auður Jóns kom mér í samband við Kára (Stefánsson, forstjóra Íslenskrar erfðagreiningar og taugalækni) og hann gaf mér góða innsýn í taugafræðina og af því að hann er svo góður sögumaður sjálfur þá gat hann útskýrt svo vel áhrifin sem sjúkdómurinn hefur á líkamlega sem og andlega velferð. Ég man að ég labbaði út af skrifstofunni hans og fékk hnút í magann. Ég hugsaði: Nú er eins gott að ég geri þetta vel. Hann fylgist með því að ég komi þessu vel frá mér og verður án nokkurs vafa óhræddur að láta mig heyra það ef ég klúðra þessu.“

Þegar tókum lauk svaf Aníta í tvo daga, algjörlega úrvinda. „Þetta var krefjandi en um leið alveg mögnuð saga. Persónan missir minnið í stóru flogaveikikasti og um leið hverfur öll meðvirkni með fjölskyldu og vinum og hún fer að krefjast þess að tekið sé á ýmsum málum þegar hún fær ferska sýn á fjölskyldulífið.“

Einn ljótasti eiginleikinn

Talið berst að kjaftasögum og um hvernig það sé að vera komin aftur í „litla þorpið“ sem Reykjavík er, í sambandi við bandaríska stórborg. Það er vissulega fegurð fólgin í litlu, nánú samfélagi sem er fljótt að hlaupa undir bagga með vinum og ættingjum þegar illa fer, en að sama skapi er stutt í Gróu á Leiti.

„Ég verð seint sannfærð



Aníta, sem er 38 ára ára gömul, segist fá mun meira út úr hlutverkunum sem hún hefur leikið hérlendis en úti.

um það að þetta tvennt, alúðin sem við eigum sem samfélag og kjaftasögur, sé tengt að einhverju leyti eða þurfi hvort á öðru að halda. Mér finnst þessi þörf til að slúðra einn ljótasti eiginleiki manneskjunnar og ég hef alltaf þolað hann mjög illa. Ég trúi svo mikið á þessa þjóð. Ég trúi því að við getum stofnað til átaks og haft Ísland bara alveg slúðurlaust 2020. Getum við ekki bara gert það?“

Upplifir þú þessa slúðurmenningu sterkari hérlendis?


„Já, ég geri það og finn þörf fyrir að halda mig aðeins til hlés af því að ég finn að um leið og ég geri það ekki þá byrja kjaftasögur og ég er frekar viðkvæm fyrir því og mér finnst það ljótt. Fólk áttar sig ekki á að kjaftasögur geta verið svo meiðandi og sært miklu fleiri en þann sem sagan er um.“

Einlæginn sem einkennir

Anítu skín sterkt í gegnum lífsviðhorf hennar. Virðing fyrir fólki er henni mikilvæg og segir hún ekki þurfa meira en að horfa á hlutina í gegnum augu barna sinna til að sjá hversu meiðandi slúður er í raun. „Ef dóttir mín kæmi heim með sögur um vini sína, færi að tala um að hún hefði nú heyrt þetta og hitt og þessi væri svo leiðinleg, ég myndi nú bara segja henni að steinhætta! Ef það er að vefjast

fyrir okkur hvað er rétt og rangt og hvernig við getum verið betri manneskjur, þá er gott að hugsa hvernig maður myndi tala fyrir framan barnið sitt og spegla sig í því,“ segir Aníta.

Hún virðist alsæl og miklu meira en sátt við að hafa yfirgefið Hollywood fyrir Vesturbæjarlaug, kakó með fjölskyldunni á Kaffi Vest og mörg mögnuðustu kvikmyndaverkefni næstu ára. ■



Sauna- og gistitunnur ásamt hitaveitupottum og nokkrum tegundum af skeljum



Eigum f órar stærðir af lokum á lager í gráum og brúnum litum ■ Verð frá 62.000 kr.



SAUNA FYLGIHLUTIR




INFRARAUDUR KLEFI



HEITIR POTTAR

Sjáðu úrvalið á goddi.is Infrared saunur ásamt viðarkyntum pottum



GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550

Erla Dóra
Magnúsdóttir
erladora@dv.is



Sóknartækifæri er í djúpu efnahagslögðinni sem við stöndum nú frammi fyrir vegna krónaveirufaraldursins. Þetta færi er í kvikmyndagerð en til þess að raungera þetta dauðafæri sem við höfum þurfa stjórnvöld að grípa boltann og gera Ísland samkeppnishæft öðrum löndum með því að hækka endurgreiðslu framleiðslukostnaðar í kvikmyndagerð að sögn kvikmyndagerðarfólks.

Hækka þarf endurgreiðslu
Leifur B. Dagfinnsson, framkvæmdastjóri hjá framleiðslufyrirtækinu True North, vakti athygli á málinu í vikunni sem leið í viðtali í Virkum morgnum á RÚV. Þar benti hann á að í dag væri aðeins 25 prósent framleiðslukostnaðar sem til fellur á Íslandi endurgreiddur kvikmyndaframleiðendum en það sé ekki nægilegt til að gera Ísland að álitlegum kosti fyrir stórfraðsluendur úti í heimi.

Þetta hafi sannast með frægu Eurovision-myndina þar sem Ísland var í áberandi hlutverki. Engu að síður fóru framleiðendur myndarinnar þá leið að taka upp mikið af senum sem áttu að eiga sér stað hér á landi í Skotlandi, en Leifur telur það beina afleiðingu þess að Ísland sé dýrt land og því sé hagkvæmara að leita á önnur mið eftir „Íslensku“ myndefni.

En með því að hækka endurgreiðsluna um 10 prósent væri Ísland orðið samkeppnishæft. „Þetta er undirstaða ferðabjónustunnar. Það eru fjöru-tíu prósent ferðamanna sem segjast koma til Íslands því þeir sjá landið í kvikmyndum eða sjónvarpsþáttum. Þannig að ég myndi segja að þetta sé undirstaða ferðaiðnaðarins,“ sagði Leifur í samtali við RÚV í vikunni.

Önnur lönd hafi nú gripið til þess ráðs að hækka endurgreiðslu framleiðslukostnaðar í kórónaveirufaraldrinum til að lokka að framleiðendur með stóra framleiðslu. Til dæmis sjónvarpsþætti sem eru gjarnan í rúmlega hálfri ár í tókum og þýði það mikla innspýtingu í hagkerfið.

Húsavík við Skjálfanda

Tekur hann sem dæmi Húsavík sem hafi verið áberandi.

„Ég held að bæjarstjórnin á Húsavík hafi látið gera einhverja könnun á þessu og mér barst til eyrna í spjalli mínu við Kristján bæjarstjóra að svona gróft mat væri að markaðsvirðið hefði verið 4-5 milljarðar. Og það var bara á fyrstu tveimur vikunum eftir að myndin kom út á Netflix.“

Auknar vinsældir Húsavíkur
DV hafði samband við Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóra Norðurþings, og bar þessa fullyrðingu Leifs undir hann. Hann sagði að eitthvað



Húsavík var áberandi í Eurovision-myndinni.

MYND/STEFÁN

DAUÐAFÆRI FYRIR ÍSLAND

Með því að hækka endurgreiðslu framleiðslukostnaðar í kvikmyndagerð um tíu prósent er möguleiki á ríkulegri innspýtingu í hagkerfið.

„Þetta hefur skilað okkur alveg ótrúlega jákvæðri umfjöllun.“

Kristján Þór Magnússon,
sveitarstjóri Norðurþings

hefði skolast til hjá Leifi en Kristján hefði vísað til úttektar sem Viðskiptablaðið lét gera fyrir sig um markaðsvirði þeirrar auglýsingar fyrir Húsavík og Ísland sem hafi fengist með Eurovision-myndinni.

„Þetta kemur svo sem ekki frá mér. Þetta hefur eitthvað skolast til í umræðunni. Við höfum verið að vitna í frétt frá 1. júlí í Viðskiptablaðinu um hversu mikils virði svona umfjöllun er fyrir Húsavík og Ísland á þessum tíma sem leið og þá voru nefndir þessir fimm milljarðar.“

Kristján segir Húsavík hafa fundið fyrir auknum áhuga eftir að myndin kom út.

„Erlendir ferðamenn hafa verið svona á stangli. Þá hefur þetta auðvitað skilað okkur alveg ótrúlega jákvæðri umfjöllun, ekki síður bara hérna innanlands. Við finnum náttúrulega bara fyrir sumrinu í sumar sem miðað við allt var bara virkilega gott.“

Ég held að þessi mynd og

nýja lagið og annað hafi klárlega spilað rosalega stórt hlutverk í því og við munum vinna auðvitað bara áfram með þetta sem og annað sem við höfum verið að byggja hér upp.“

Kristján tekur undir með Leifi að það sé sóknarfæri fyrir Ísland í COVID að gera Ísland að álitlegri kosti fyrir kvikmynda- og sjónvarpsþáttaframleiðendur.

„Ég get alveg tekið undir með Leifi að það er mjög stórt tækifæri á þessum tíma sem er núna að hækka þessa endurgreiðslu upp í þetta 35 prósent hlutfall til þess að vera enn betur samkeppnishæf um að fá myndir eða þáttaseriur hingað til landsins meðan þetta COVID-ástand varir jafnvel. Maður sér alveg hversu mikil innspýting þetta getur verið fyrir ákveðin svæði og landið í heild sinni þegar landið verður opnað.“

Kynningin á Húsavík sem fékkst með myndinni hafi verið ómetanleg.



Kristján Þór
Magnússon
sveitarstjóri
Norðurþings



Leifur B.
Dagfinnsson
framkvæmda-
stjóri True North

„Hún er náttúrulega að mörgu leyti bara ómetanleg fyrir okkur. Við vonumst auðvitað bara til þess að hægt verði að opna landið eins fljótt og mögulegt er og við getum tekið á móti fleiri gestum.“

Að sjálfsögðu vonar Kristján að Húsavík verði aftur fyrir valinu hjá kvikmyndagerðarmönnum.

„Það eru bara allir velkomnir að sjálfsögðu. Ég held að Húsvíkingar og íbúar hérna fyrir norðan almennt séu gestrisið fólk og taki vel á móti öllum, hvort sem það eru svona verkefni eða önnur verðmætasköpun á svæðinu. Við reynum að ýta undir allt slíkt að sjálfsögðu og vonum það besta með það.“

5,2 milljarða kynning

Samkvæmt úttekt Viðskiptablaðsins sem það fékk almannatengla- og ráðgjafarfyrirtækið Cohn&Wolfe til að vinna fyrir sig, var ætlað að verðmæti markaðsherferðar

Eurovision-myndarinnar hvað varðaði umfjöllun um Húsavík næmi hátt í 382 milljónum íslenskra króna á fyrstu vikunum eftir að myndin kom út. Heildarvirði sams konar umfjöllunar næmi 5,2 milljörðum króna.

Leifur hefur bent á að með kvikmyndaframleiðendum komi innspýting í hagkerfið í formi skatta og annarra gjalda. Hundruð manna sem komi að slíkri framleiðslu nýti oft tækifærið og skoði og kynni sér landið, auk þess sem þau þurfa að borða, gista, leigja sér bifreiðar og annað. Svo sé landkynningin sem fæst af slíkum verkefnum nánast ómetanleg og skili sér í kvikmyndaúrlistum sem séu bestu túristarnir.

Leifur segir að samtal hans við ráðherra og þingmenn landsins hafi sýnt honum fram á að þverpólitískur vilji sé fyrir því að grípa tækifærið. Engu að síður hefur endurgreiðslan ekki enn verið hækkuð. Netflix, sem er risi á markaði kvikmynda og þáttagerðar í dag, hefur ekki hætt við framleiðslu verkefna á Íslandi í kórónaveirufaraldrinum, ólíkt öðrum stöðum í heiminum þar sem verkefni hafa verið lögð í salt vegna smíthættu. Ástæða þess er viðbrögð landsins og árangur í baráttunni við veiruna. Það mætti því leiða líkur að því að dauðafæri sé fyrir stjórnvöld að nýta stöðuna og fá hingað inn framleiðendur, bara með því að hækka endurgreiðsluna. ■

LOSTI OG LEIKTÆKI ÁSTALÍFSINS

Kynlífstækjaverslunin Losti byrjaði sem vefverslun og fór í loftið í nóvember 2019. Þær Saga Lluvia og Eva Brá reka Losta en 1. september síðastliðinn opnuðu þær að auki verslun í glæsilegu húsnæði í Borgartúni og taka þar á móti hópum og viðskiptavinum.

Verslunin er bæði falleg og andrúmsloftið notalegt. „Við vildum innrétta verslunina eins og eins konar stofu eða heima-hús. Það á að vera heimilislegt að koma til okkar, skoða úrvalið, setjast niður í sófann, fræðast og skoða bækur, en Sigga Dögg kynlífsfræðingur er með aðstöðu í húsnæðinu hjá okkur og á stærsta bókasafn á Íslandi með bókum sem fjalla um kynlíf,“ segir Saga.

Aukin umræða og minna tabú
„Heimakynningarnar hafa verið gríðarlega vinsælar frá því að við opnuðum en þá heimsækjum við margs konar hópa og bjóðum upp á kynningar á kynlífstækjum. Við finnum að þetta skapar bæði aukna umræðu og gerir kynlífstækin minna „tabú“. Kynningarnar eru sérstaklega vinsælar hjá hópum eins og gæsa- og steggjahópum, saumaklúbbum og krydda virkilega upp á partið og fá fólk til að stíga út fyrir þægindarammann. Einnig er orðið vinsælt að ýmsir hópar koma til okkar en hér getum við sýnt allt sem við eigum og fólk getur fengið að smakka sleipiefnin og margt fleira. Svo er líka vanmetið að gestirnir þurfa ekki að þrifa heimilið til að bjóða heim heldur mætir hópurinn bara hingað, skemmtir sér, fræðist og fer svo. Svo er umhverfið líka stórskemmtilegt fyrir myndatökur en ófáir hafa látið taka myndir af sér í kynlífsrólnunni og annað.“

Hóparnir eru allt frá tvítugum vinkvennahópum til saumaklúbba kvenna á sextugs- og sjötugsaldri. „Fólk er auðvitað misopið í byrjun en það finnst öllum skemmtilegt að opna sig á þennan hátt. Það eru jafnvel dæmi um að vinahópar sem hafa aldrei áður rætt kynlíf fari að deila kynlífsögum í framhaldinu.“

Kynlífstæki eru fyrir alla

Flestar kynlífstækjabúðir hafa einblínt mjög mikið á gagnkynhneigð pör og jafnvel merkt tækin „fyrir hana“ og „fyrir hann“ líkt og það sé bara til ein gerð af ástarsambandi. „Frá stofnun Losta hefur okkar markmið alltaf verið að bjóða upp á fjölbreytt úrval af kynlífstækjum fyrir allar gerðir af pörum og anna eftirspurn eftir kynlífstækjum fyrir alla hópa, öll kyn og allar kynhneigðir. Það er orðið nokkuð samfélagslega samþykkt að ákveðnir hópar fólks noti kynlífstæki, en þá sér fólk oftast fyrir sér ungar einhleypar konur. Það er löngu kominn tími til þess að samþykkja alla hina hópana.

Motor Bunny kynlífstækið hefur líka verið ótrúlega vinsælt kynlífstæki upp á síðastlið. Mótorkanínuna má setja á stól eða á gólfið og svo er festur á hana fylgihlutur að eigin vali, hvort sem það er dildo, múffa, örvunartæki fyrir spöng og sníp eða annað. Það fást alls konar skemmtilegir fylgihlutir í ýmsum stærðum og gerðum. Tækinu er svo stungið í



Saga Lluvia segir að það sé bylting að geta tekið á móti hópum í kynningar í versluninni.

MYNDIR/SIGTRYGGUR ARI



Losti er með úrval af fallegum kynlífstækjum. T.d. Crave hálsmen til að örva snípinn, Rosie Gold nuddvönd með gylltu handfangi, tvær týpur af Senzi örvunartækjum fyrir sníp. Fullnægjandi aróla og egg með demöntum kemur saman í High on Love lúxuspakka.

samband og það er tilbúið til notkunar. Á því er snúningsmótor og titrari sem virka saman eða sitt í hvoru lagi. Mótorkaninan er algert tryllitæki og hentar vel fyrir öll.“

Þróunin í kynlífstækjunum hefur verið á þann veg að tækin verða sífellt fallegri, einfaldari og straumlínulagaðri. „Margir vilja dildóa sem minna á fyrirmyndina en það heillar alls ekki alla. Sum lesbísk pör hafa til dæmis lítinn áhuga á því að dildóinn minni á reður og það hafa heldur ekki allir karlmenn áhuga á að múffan líti beinlínis út eins og leggöng.“

Vanda valið

Saga segir að þær vandi sig mjög mikið þegar kemur að ákveða við hvaða birgja á að versla. „Almennir neytendur verða sífellt meðvitaðri um vörurnar sem þeir eru að kaupa og það erum við líka. Við kaupum til dæmis bara hágæða sleipiefni sem eru cruelty free, vegan og eins hrein og náttúruleg og hægt er. Þau inni-

halda engin slæm aukaefni eins og glycerin og paraben sem geta valdið ertingu og jafnvel sveppasýkingum.“

Leiktæki, ekki „hjálpartæki“

Saga segir konurnar vera almennt óhræddari og opnari fyrir kynlífstækjunum en karlarnir. „Um 98% af hópnum sem koma til okkar eru kvennahópar. Fyrir marga er það heljarstórt skref að ganga inn í kynlífstækjaverslun en með vinahópnum verður skrefið mun auðveldara. Svo er alltaf að aukast að pör komi saman að leita að skemmtilegum tækjum og öðru til að krydda kynlífið. Kynlífstæki hafa nefnilega lengi verið ranglega nefnd „hjálpartæki“ sem gefur það til kynna að það sé eitthvað að hjá þeim sem vilja nýta sér þau. En það er alls ekki svo. Þetta eru leiktæki fyrir fullorðna og ætluð til þess að veita og auka unað, en ekki endilega til að koma í staðinn fyrir kynlíf.

Það er svo alltaf að aukast að karlarnir komi til okkar, hvort heldur með makanum, vinahópnum

eða sjálfir. Múffurnar hafa þá orðið sífellt vinsælli undanfarið, en síðustu ár hefur ríkt smá feimni varðandi kynlífstæki fyrir karlmenn. Við eigum alls konar múffur, hvort heldur er einfaldar og órafmagnaðar eða titrandi. Við erum flest kynverur og það er löngu kominn tími til þess að samfélagið og við sjálf samþykkjum það. Það er líka til alls konar blæti sem fólk er feimið við að viðurkenna eða tala um. Það þarf að létta bannhelginni af orðinu kynlíf og öllu því sem það stendur fyrir.“

Fantasiúkvöld í næstu viku

„Við erum með margar stórar og spennandi hugmyndir í kollinum sem okkur langar að framkvæma. Þar má telja alls konar fræðslu- og fyrirlestrakvöld sem við ætlum að halda í verslun Losta, sem á að verða eins konar kynlífssetur. Á miðvikudag 23. september í næstu viku verður Sigga Dögg til dæmis með fræðslukvöld sem fjallar um fantasíur. Þá verður takmarkaður fjöldi fólks sem getur tekið þátt svo það er um að gera að skrá sig sem fyrst. Svo eru á döfinni fleiri kvöld um afmörkuð kynferðisleg málefni og ýmiss konar fræðsla.“ ■

Þeim sem vilja fylgast með Losta og viðburðunum sem verða haldnir á þeirra vegum er bent á að fylgast með **Losti.is** á Facebook. Einnig er hægt að nálgast allar vörurnar í vefversluninni **losti.is**

Verslun Losta er staðsett í **Borgartúni 3, 105 Reykjavík**
Tölvupóstur: **losti@losti.is**
Facebook: **Losti.is**
Instagram: **Losti.is**

SUNDABRAUT OG SKERJABRAUT

Enn er deilt um Sundabraut en mögulega er önnur stórfamkvæmd á höfuðborgarsvæðinu brýnni. Brú yfir Skerjafjörð myndi draga úr álagi á helstu stofnbrautir.

SKOÐUN

Á ÞINGPÖLLUM

Björn Jón
Bragason

eyjan@eyjan.is



Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri setti Sundabraut á dagskrá á dögnum þegar hann lét svo um mælt á opnum fjárfundi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis að sér myndi „alveg stórunderlegt og ámælisvert að Sundabraut hafi ekki verið byggð miðað við þá umferð sem er í bænum“.

Viðbrögðin létu ekki á sér standa

Ummæli seðlabankastjóra vöktu hörð viðbrögð. Smári McCarthy, þingmaður Pírata, fann að því að seðlabankastjóri væri að tjá sig um Sundabraut þar sem hann væri „ekki sérfræðingur í vegagerð, borgarþróun, umhverfismálum, eða álíka“ og bætti því við að sér myndi „eiginlega galið“ að seðlabankastjóri væri að tjá sig um brúarsmiði.

Flokkssystir Smára, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir borgarfulltrúi, hafði þetta um málið að segja: „Hann fer að verða ansi hár staflinn af hrokafullum körlum með random sérfræði-menntun sem þykjast geta fullt af mikilli vissu um hluti sem eru langt utan þeirra sérfræðisviðs og sem þeir hafa í raun frekar takmarkaða þekkingu á. Án þess að nokkur hafi raunverulega beðið um þeirra álit á því máli.“ Þá velti hún því upp í Silfri Egils á sunnudaginn var hvort rétt væri að hámarksbraut á Sundabraut yrði 50 km á klukkustund. Hér kveður sannarlega við nýjan tón.

Ásgeir ræddi málið í þættinum Reykjavík síðdegis á Bylgjunni í kjölfar fundar efnahagsnefndar þingsins og þar kom fram að hann hefði nefnt Sundabraut sem dæmi þar sem nú væri lag að fjárfesta í samgöngukerfinu vegna þess að vextir væru lágir, lægð í efnahagslífinu og ríkissjóður gæti því fengið mun hagstæðari tilboð í verkid en fyrir fáeinum misserum. Um væri að ræða fjárfestingu sem yki framleiðslugetu hagkerfisins og myndi nýtast til langs tíma.

Gömul hugmynd

Hugmyndin um Sundabraut kom fram fyrir bráðum hálfri




Hugmynd Guðjóns Erlendssonar arkitekts að brú yfir Skerjafjörð.

MYND/THORARCHITECTS.COM



Kort af svæðinu.



öld en talsvert hefur verið deilt um útfærslu, innri og ytri leið svokallaða, og eins hvort grafin skuli jarðgöng. Markmiðið með Sundabraut er að stytta ferðatíma til og frá höfuðborginni, sér í lagi vestur á land, upp á Akranes og inn í Grundartangahöfn. Þá myndi Sundabraut bæta flæði umferðar á höfuðborgarsvæðinu og öryggi, meðal annars ef hættuástand skapast þannig að rýma þurfi borgina.

Nú liggur öll umferð austur og norður úr borginni um Ártúnsbrekku „í einni trekt“. Með Sundabraut gæti atvinnusvæði Reykjavíkur stækkað og orðið heildstæðara. Þar á meðal yrði hægt að hefja stórfellda atvinnuuppbyggingu í Gufunesi og Álfsnesi þar sem finna má mikið vannýtt landsvæði en vegtengingar skortir.

Margt óklárað

Sundabraut yrði þjóðvegur í þéttbýli og því á forræði ríkisvaldsins, þó svo að Reykjavíkurborg fari með skipulagsvaldið og taki endanlega ákvörðun um framkvæmdina. Ýmsir fleiri þjóðvegir í þéttbýli hafa verið á skipulagi lengi en ekki verið lokið við. Áður fyrr var gert ráð fyrir svokallaðri Fossvogsbraut sem var hugsuð sem stofnbraut þvert í gegnum Fossvogsdalinn. Hún átti að tengjast öðrum þjóðvegi suður fyrir Öskjuhlíð, svokölluðum Hlíðarfæti, og liggja í austur, suður með Elliðaáam, alla leið inn á Vesturlandsveg. Ekkert mun verða af þessum framkvæmdum en vegtengingin suður fyrir Öskjuhlíð var eitt skilyrði þess að Landspítalanum yrði komið fyrir við



MYND/VEGAGERÐIN

Með brú yfir Skerjafjörð mætti mynda hringtengingu á höfuðborgarsvæðinu.

Hringbraut — enda má öllum ljóst vera að Kringlumýrabraut og Miklabraut eru fyrir löngu sprungnar á álagstíma.

Brú yfir Skerjafjörð

Þetta leiðir hugann að annarri framkvæmd sem ætti að getað sameina sjónarmiðin um þéttingu byggðar miðsvæðis og greiðari umferð bíla um borgarlandið, en það er brú yfir Skerjafjörð. Sú hugmynd hefur raunar aldrei komist formlega inn á skipulag en dr. Trausti Valsson skipulagsfræðingur og Gestur Ólafsson, skipulagsfræðingur og arkitekt, komu fram með þessa hugmynd fyrir bráðum hálfri öld.

Skerjafjörðurinn er örgrunnur og brú í framhaldi af Suðurgötu og yfir á Álftanes yrði því að mestu leyti á uppfyllingum. Með brú á þessum slóðum mætti skapa hringtengingu á höfuðborgarsvæðinu: Tengja stóru íbúðasvæðin í Garðabæ og Hafnarfirði við atvinnusvæðin miðsvæðis í Reykjavík, en um leið byggja upp stórt íbúðahverfi miðsvæðis á Álftanesi. Brúarmannvirki á þessum stað myndi léttu verulega á Miklu-

braut og Kringlumýrabraut og auka öryggi.

Því miður hefur þessi tilgáta lítt komist á dagskrá og að líkindum ræður þar mestu skipting höfuðborgarsvæðisins í lögsagnarumdæmi: Skipulagsmálin á svæðinu hafa ekki verið hugsuð nægilega í heild sinni — þvert á landamæri sveitarfélaga.

Jafnvel hagkvæmari en Sundabraut

Nefnt hefur verið að Sundabraut henti vel í einkaframkvæmd, enda hafa notendur val um annan kost. Sömu sögu er að segja af Skerjafjarðarbrú — eða Skerjabraut — sem myndi tengjast í norðri inn á Suðurgötu og suðri við Álftanesveg. Hér væri mögulega kominn fram fjárfestingarkostur sem gæti breikkað eignasafn lífeyrissjóða landsins: Þeir fengju þá tækifæri til fjárfestinga í innviðum. Fyrir liggur að Skerjabraut yrði mun einfaldara mannvirki í framkvæmd en Sundabraut, sem þyrfti annaðhvort að fara um hábrú eða jarðgöng, og því vel þess virði að kostir hennar yrðu kannaðir til hlítar. ■



Vilt þú koma skjalamálunum í lag?

1 SYSTEMS OneRecords Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

1 SYSTEMS OneQuality



1 SYSTEMS OnePortal Self-Service



Gæða-
stjórnun á
stóran þátt í góðum
árangri fyrirtækja.

OneQuality er lausn sem
auðveldar allt vinnferli við útgáfu og
utanumhald gæðahand- bókar og
skjala.

OnePortal er
vefgátt sem gerir
fyrirtækjum og sveitar-
félögum kleift að veita íbúum
þjónustu allan sólahringinn, allt
árið um kring. Rafrænar innri ferlar
eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa
eða viðskiptavini, þar sem þeir
geta afgreitt sig sjálfa á
sjálfvirkan máta með
innsendingu
umsókna og
erinda á
vef.



MoReq2

Þróunarstefna OneSystems styður
Moreq2, kröfur evrópulanda um
gagnsæi, rekjaleika og öryggi.



Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn
í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga
og þjónustu við viðskiptavini og íbúa þeirra

Draumkennt barnaherbergi

María Krista tók barnaherbergi í gegn og útkoman er ótrúleg. Hún málaði falleg fjöll á veggina og skreytti þau með límmiðum. Himnasængina útbjó hún sjálf fyrir um eitt þúsund krónur.

Guðrún Ósk
Guðjónsdóttir
gudrunosk@dv.is



María Krista Hreiðarsdóttir er grafískur hönnuður og heldur úti vinsælu heimasíðunni mariakrista.com þar sem hún leggur áherslu á ketó- og lágkoltvetnamataræði. Hún tók barnaherbergi Ölmú, dótturdóttur sinnar, í gegn á dögnum.

„Dóttir mín og fjölskylda hennar voru að flytja heim frá Danmörku og Alma hefur aldrei átt eigið herbergi. Það var allt málað hvítt, engir litir og frekar kuldalegt. Ég fékk að skipta mér af og byrjaði að

mála einn vegg gráan og svo langaði okkur að gera fjöll, en ekki þessi tYPíska fjöll. Ég gerði skapalón og málaði með prufum frá Slippfélaginu,“ segir hún.


Framkvæmdirnar tóku í heildina um tvo daga og var kostnaðurinn einnig í lágmarki. „Það var ekki mikill kostnaður. Prufurnar kosta lítið og filmurnar einnig. Þetta var kannski um tuttugu þúsund krónur í heildina, ekki alveg viss.

Þetta er ekkert puntuherbergi, það má alveg leika sér og rústa því að vild. Það er líka auðvelt að taka til í því. Hún er líka dugleg að taka til, vill hafa hreint í kringum sig.“ ■



LÍMMIÐAR

„Svo bjó ég til límmiða hjá Dekal filmum. Ég teiknaði upp mynstur og bað hana um að skera út límmiða og skreytti svo fjöllin með því.“



ELDHÚSIÐ

Barnaeldhúsið er úr IKEA og var smá loftbelgjapema í herberginu. Á einum veggnum er mynd frá Bergrúnu Írísí af loftbelg.



HILLAN

„Hillurnar eru úr IKEA, heita Svalnäs. Við vorum með þær í búðinni okkar, Systur og makar. Við ákváðum að hafa þær svona neðarlega svo hún gæti notað þetta sem skrifborð.“



Alma er alsæl með útkomuna.

MYNDIR/AÐSENDAR

BÓKAHILLA

„Hún er frekar mikill bókaormur þannig að við settum hilluna fyrir ofan rúmið. Ég framleiði þessar kanínuhillur, þær fást á krista-design.is.“



STAFRÓFSPLAKAT

María Krista hannar og selur stafrófsplakatið. Ef þú skoðar það gaumgæfilega sérðu að á eina fígúruna vantar hár, aðra vantar einn útlím, þær eru fjölbreyttar eins og mannflóran.



DÚKKURÚM

„Dúkkurúmið fengum við hjá Sorpu og máluðum það bleikt.“

HIMNASÆNGIN

„Ég gerði himnasængina sjálf. Hún er úr gardínu frá Rúmfatalagernum, sem kostaði um þúsund kall. Ég setti hana á járnhring úr Föndurbúðinni og svo á krók í loftið. Þetta er bara upp á punt, hún er ekki að nota þetta mikið.“

Upphaf flugsamgangna

Saga Icelandair hófst fyrir rúmum 80 árum þegar lítið flugfélag var stofnað á Akureyri. Svonefnd flugþerna var ráðin til starfa árið 1946 til að sinna farþegum.

TÍMAVÉLIN

Erla
Hlynsdóttir
erlahlyns@dv.is



Icelandair á rætur að rekja til ársins 1937 þegar stofnað var flugfélag á Norðurlandi að nafni Flugfélag Akureyrar. Saga flugfélagsins spannar því rúma átta áratugi og er samtvinnuð sögu Íslands á 20. öldinni.

Í mars 1940 var Flugfélag Akureyrar flutt til Reykjavíkur og nafni þess breytt í Flugfélag Íslands. Áður höfðu tvö félög með þessu sama nafni starfað um skamma hríð, 1919-1920 og 1928-1931.

Vorið 1942 tókst Flugfélaginu fyrir heppni að eignast fyrstu tveggja hreyfla flugvél Íslandina. Þetta var átta sæta Beechcraft D-18 landflugvél og með henni má segja að reglubundið áætlunarflug hafi fyrst hafist hér á landi. Flugið var til Akureyrar, Egilsstaða og Hornafjarðar.

Haustið 1944 urðu þau tímamót í íslensku flugsögu að íslenskar áhafnir flugu í fyrsta sinn yfir Atlantshaf.

Konur fengu hlutverk

Um leið og farþegum fjölgaði í flugvélunum varð þörf fyrir að þeim væri sinnt á ferðalaginu. Langan tíma tók að fljúga á milli staða, jafnvel innanlands. Nú fengu því konur hlutverk í fluginu. Fyrsta svonefnda flugþernan, Sigríður Gunnlaugsdóttir, var ráðin til starfa hjá Flugfélagi Íslands sumarið 1946 og ekki vantaði áhugann.

Þegar næsta staða var auglýst hálfu ári síðar sóttu 50 konur um hana. Samt var þetta erfitt starf, sérstaklega í millilandafluginu, þegar tvær flugfreyjur þurftu að þjóna tugum farþega við erfiðar aðstæður klukkustundum saman. En flugævintýrið heillaði og flugfreyjustarfið varð strax virðingarstaða. Kristín Snæholm varð hlutskörpust í samkeppninni og átti hún farsælan flugfreyjuferil allt til ársins 1980.

Líkamlega erfitt að þola þrýstinginn

Flugfarþegar urðu lengi vel að sætta sig við talsverð óþægindi í flugferðum. Flugvélarnar voru lengi að komast milli landa, bæði vegna þess að þær fóru mun hægar yfir en nútíma vélar og eins



Nýtt félagsmerki Flugleiða

— nýja breiðbotan máluð nýjum Flugleiðalítum — Icelandair alþjóðaheiti Flugleiða

Nýtt merki var kynnt með pompi og prakt árið 1978.

Kröfuharðir farþegar himinlifandi með Saga Class

Árangur — þetta er orð sem lætur vel í eyrum alls athafnaólks. Það má hiklaust setja jafnaðarmerki á milli athafnaólks og Saga Class-farþegna Flugleiða. Flugleiðir gera þá kröfu til starfsfólks síns að Saga Class-farþegar fái konunglega þjónustu, á himni og jörðu, og kröfuhart athafnaólks telur það vitaskuld sjálfsagt fyrir fullt fargjald.



gæðastaðli gagnvart erlendri samkeppni. Starfsfólk Flugleiða er auðvitað í sjöunda himni yfir trausti athafnaólks á Saga Class-þjónustunni.

Það voru mikil tíðindi þegar Saga Class kom til sögunnar.

varð að fljúga lægra vegna þrýstingsmunarins. Stundum var beinlínis líkamlega erfitt að þola hann. Því var nánast ógerlegt að fljúga ofar veðri og vindum. Þetta gjörbreyttist þegar Flugfélag Íslands eignaðist tvær skrófubotur.

Kaupin vöktu mikla athygli hérlendis og þóttu stórt framfaraspor í flugmálum landsmanna. Þær voru fyrstu íslensku flugvélarnar sem knúnar voru með hverfilhreyflum og höfðu þrýstijöfnunarbúnað í farþegarýminu. Því var hægt að fljúga allt upp í 25.000 feta hæð, en á fyrri vélum urðu menn að vera með súrefnisgrímur ef farið var yfir 10.000 feta hæð.

Með tilkomu þessara nýju véla var í fyrsta sinn í sögu flugs á Íslandi hægt að fljúga fram og til baka á einum degi. Flugtíminn til Kaupmannahafnar stýttist til dæmis um heilar tvær klukkustundir, varð fjórar og hálf klukkustund.

Saga Class kynnt til sögunnar

Haustið 1972 ákváðu stjórnvöld að beita sér fyrir sameiningu Loftleiða og Flugfélags Íslands. Stjórnir beggja félaganna náðu samkomulagi 11. apríl 1973 og stofnfundur Flugleiða var haldinn 20. júlí 1973. Fyrst um sinn flugu flugvélarnar undir merkjum Loftleiða Icelandair og Icelandair, en



Svipmyndir úr sögu félagsins.

söluskristofurnar voru senn sameinaðar.

Reksturinn gekk brösuglega, meðal annars vegna erlendra samkeppni. Menn vildu þó reyna að finna leiðir til að nýta sér mismunandi auraráð flugfarþega og kröfur um þægindi. Ákveðið var að skipta farþegarýminu um borð í Flugleiðavélunum í tvennt og bjóða aukin þægindi og meiri þjónustu gegn hærri greiðslu. Nýjungin var nefnd Saga Class og var fyrst reynd 1. apríl 1984. Reyndar sátu Saga Class-farþegarnar áfram í eins sætum og almennir farþegar. Það var ekki fyrr en árið 1988 sem



LINDA PÉTURSDÓTTIR OG FLUGLEIÐIR SAMEINA FEGURÐ OG REYNSLU

Þeinn markaðskostnaður Flugleiða á erlendri grundu í ár mun nema um einum milljarði króna. Enginn á Íslandi ver meiri fjárhæðum til að kynna Ísland fyrir útlendingum. Flugleiðir hafa gert samning við glæsilegasta „sendiherra“ þjóðarinnar — Lindu Pétursdóttur.

Ungfrú alheim, um að sameina kraftana í þágu Íslands. Þar mun fara saman legurð drottningarinnar og gíflurleg reynsla Flugleiða í markaðsmálum á erlendum vettvangi. Í ár munu Flugleiðir og Linda Pétursdóttir leggja land undir fót og kynna ferðamannalandið Ísland um víða veröld.

Nú þegar hefur Linda komið fram á vegum Flugleiða í eftirtöldum heimsborgum: Tókýó, París, London, Luxemborg og Zürich. Næst setja Flugleiðir og Linda stefnuna á Bandaríkin.

Allt var lagt undir í kynningarstarfi erlendis.

MYNDIR/TÍMARIT.IS



MYNDIR/ICELANDAIR.IS

gömlu sætunum var skipt út fyrir ný og breiðari sæti á Saga Class.

Flugstöðin í Keflavík vígð

Flugstöð Leifs Eiríkssonar var vígð 15. apríl 1987. Upphaflega hafði verið gert ráð fyrir því að hún yrði 24.000 fermetrar en það þótti allt of stórt.

Engan óraði sjálfsagt fyrir því að farþegum sem færu um stöðina myndi fjölga svo ört að innan fárra ára yrði hún of lítil. Þegar fyrsta skóflustungan var tekin fóru 460.000 farþegar árlega um Keflavíkurflugvöll en árið 2006 voru þeir orðnir

2.000.000. Tvívegis hefur því þurft að bæta við húsrýmið og árið 2007 var gólfplötur Leifsstöðvar orðinn 56.000 fermetrar.

Sjötugsafmæli

Icelandair Group, afkomandi Flugfélags Akureyrar, fagnaði 70 ára afmæli sínu í stórhýsi Flugsafnsins á Akureyrarflugvelli 3. júní 2007. Félagið var þá með 19 Boeingþotur í rekstri og flaug til 25 áfangastaða í Evrópu og Norður-Ameríku, allt að 160 ferðir á viku frá öllum áfangastöðum. Alls störfuðu um 3.000 manns hjá Icelandair Group sumarið 2007. ■

Hæðir og lægðir Pamela

Það eru fáir sem ekki þekkja Pamela Anderson sem varð hvað frægust fyrir hlutverk sitt í Strandvörðum. Hún hefur upplifað miklar hæðir og lægðir í gegnum árin, verið í stormasömum samböndum og farið í gegnum miklar breytingar, bæði líkamlega og andlega.



MYNDIR/GETTY

ERFIÐ ÆSKA

Pamela Anderson fæddist 1. júlí árið 1967 í Kanada. Hún átti mjög erfiða æsku og opnaði sig fyrst um æskuárin á góðgerðarviðburði árið 2014. Hún sagðist hafa verið misnotuð af kvenkyns barnaníu sinni frá því sex ára aldri til tíu ára aldurs. Þegar hún var tólf ára var henni nauðgað af 25 ára karlmanni. Pamela vitnaði í móður sína þegar hún sagði frá þessum hræðilegu atburðum: „Stundum brosir þú ekki vegna þess hversu hamingjusöm þú ert, heldur vegna þess hversu sterk þú ert.“



BAYWATCH

Pamela Anderson skaust upp á stjörnuhimininn þegar hún fór með hlutverk Casey Jean Parker í geysivinsælu þáttunum Strandverðir eða Baywatch. Pamela náldi sér í hlutverkið án þess að þurfa að fara í áheyrnarprufu. Aðspurð hvað henni þótti um að klæðast sundfötum á hverjum degi sagði Pamela: „Mér leið mjög vel í eigin skinni og þældi lítið í því. Enginn er fullkominn og gallar eru kynþokkafullir. Ég var hissa á að ég hefði verið valin í hlutverkið. Mér fannst ég aldrei vera rosa-lega aðlaðandi manneskja.“

KVIKMYNDIR

Á tíunda áratug síðustu aldar hafði Pamela slegið í gegn á sjónvarpsskjánum og einnig sem fyrirsæta. Árið 1993 lék hún svo í sinni fyrstu kvikmynd, Snapdragon. Hún lék fallega ljóshærða vændiskonu sem glímdi við minnisleysi og drap viðskiptavini sína. Ári seinna lék hún aftur vændiskonu í kvikmyndinni Raw Justice. Síðan þá hefur hún leikið í ótal þáttum og kvikmyndum.



HJÓNABAND OG KYNLÍFSMYNDBAND

Á sama tíma og Pamela Anderson varð þekkt andlit á sjónvarpsskjánum varð hún einnig þekkt andlit slúðurblaðanna, enda hvítleiður fylgifyskur frægðarinnar. Þegar hún var 27 ára giftist hún trommuleikara Mötley Crüe, Tommy Lee, eftir að hafa þekkt hann í fjóra daga. En það var ekki það sem vakti hvað mesta athygli. Einhver stal kynlífsmyndbandi sem Pamela og Tommy gerðu í brúðkaupsferð sinni og lak því á netið. Fyrirtækið IEG hóf dreifingu á myndbandinu og fóru hjónin í mál við fyrirtækið. Það endaði með því að sátt náðist í málinu, sem leyfði fyrirtækinu að sýna myndbandið sem hluta af áskriftarþjónustu þess, gegn greiðslu.

Pamela útskýrði í viðtali að hún hefði hætt að berjast gegn dreifingu myndbandsins því að það hafði slæm áhrif á heilsu hennar, en þá var hún ólétt að sínu öðru barni.

RAUNVERULEIKAPÆTTIR

Pamela hefur komið fram í fjölda raunveruleikabátta, eins og Big Brother: Australia, Dancing with the Stars og Dancing on Ice.

LÍKAMLEG HEILSA

Pamela sneiðir hjá dýraafurðum, drekkur ekki og leggur áherslu á líkamlega og andlega heilsu. Hún stundar hugleiðslu og Pilates. Hún hljóp einnig maraþon árið 2013.

RITHÖFUNDUR

Pamela Anderson skrifaði sína fyrstu bók, Star, árið 2004, sem var að hluta til byggð á hjónabandi hennar og Tommy Lee.

MÓÐURHLUTVERKIÐ

Pamela eignaðist tvö börn með Tommy Lee. Brandon Thomas Lee (1996) og Dylan Jagger Lee (1997). Pamela og Tommy skildu árið 1998 og vildi Pamela gera allt sem hún gat til að vera til staðar fyrir börnin sín. Hún tók að sér mun færri hlutverk eftir að börnin fæddust og steig um tíma út úr sviðsljósinu. „Mikilvægasta vinnan mín var að sjá um börnin mín. Ég var aldrei með barnafur og ég vildi bara vera eins mikið með þeim og ég gat,“ sagði hún í viðtali við Contributor.



HEILSAN

Árið 2001 var Pamela greind með lifrabólgu C. Hún segist hafa smitast eftir að hún og Tommy Lee notuðu sömu tattúnál. Í viðtali við Esquire sagði Pamela að Tommy hefði aldrei sagt henni að hann væri með lifrabólgu. „Augljóslega er egóið hans mikilvægara en líf mitt,“ sagði hún. Árið 2015 sagðist Pamela vera læknuð af sjúkdómnum. „Þetta er mjög spennandi, það bætast 20 ár við líf mitt núna,“ sagði hún við People.



AÐGERÐASINNI

Í mörg ár hefur Pamela barist fyrir réttindum og velferð dýra. Hún hefur einnig barist fyrir mannréttindum og umhverfisréttindum með góðgerðarsamtökum sínum, Pamela Anderson Foundation.



FJAÐRAFOK VEGNA BRJÓSTA

Það olli miklu fjaðrafoki þegar Pamela ákvað að fjarlægja brjóstapúða sína. Hún hafði ótal sinnum setið fyrir nakin eða ber að ofan og átti vaxtarlag hennar marga aðdáendur. Flest hlutverkin sem hún fékk á sínum tíma voru hlutverk vændiskvænna, nektardansmeyja eða þvíumlíkt, þar sem sérstök áhersla var lögð á vaxtarlag og barm hennar. Þannig það var stórmál þegar hún ákvað að fjarlægja brjóstapúðana. En hún var ekki sátt við útkomuna og fékk sér aftur brjóstapúða, minni en áður.



EINKALÍFIÐ

Pamela og Kid Rock stungu fyrst saman nefjum árið 2001. Næstu ár á eftir hættu þau nokkrum sinnum saman og byrjuðu alltaf aftur saman. Þau giftust árið 2006 og skildu sama ár. Í viðtali við Elle viðurkenndi Pamela að rokkstjörnulífið væri ekki fyrir hana.

Árið 2007 giftist Pamela vini sínum Rick Salomon í Las Vegas. Fjórum mánuðum seinna sóttist hún eftir ógildingu. Hún og Salomon giftust aftur árið 2014 og skildu síðan ári seinna.

Leikkonan var í sambandi við frönsku fótboltastjörnuna Adil Rami frá maí 2017 til júní 2019 þegar hún deildi svakalegri Instagram-færslu og sakaði Adil um að beita sig líkamlegu og andlegu ofbeldi.

BREYTT ÚTLIT

Brjóstastærð Pamela er ekki það eina sem hefur breyst í gegnum árin. Útlit hennar vakti mikla athygli á Cannes-hátíðinni árið 2017 og var hún sögð vera „nær óþekktanleg“ af US Weekly. Pamela sýndi mun „náttúrulegra“ útlit en áður þegar kom að förðun. Í viðtali við W Magazine árið 2016 sagðist Pamela njóta þess að eldast. „Ég hef svo margt til að hlakka til,“ sagði hún.

SAMDÆGURS HEIMSENDING

á höfuðborgarsvæðinu ef pantað er fyrir kl. 12 virka daga

**EDA SÆKTU
PÖNTUNINA STRAX**




HERMOSA.IS

Bestu bækurnar

Þegar haustvindarnir byrja að blása er tilvalið að hjúfra sig undir teppi með góða bók. DV fékk valinkunna álitsgjafa til að nefna sínar uppáhaldsbækur, bæði í flokki almennra skáldsagna og svo barna- og unglingabókmennta.



SKÁLDSÖGUR Almenns eðlis




ÆSA GUÐRÚN BJARNADÓTTIR, RITSTJÓRI

Það er auðvitað fráleitt að velja eina uppáhaldsskáldsögu enda komast nokkrar fyrir á hverju aldurs skeiði. Tvitug: **Karitasbækur** Kristínar Marju, þrítug: **Hvítfeld** Kristínar Eiríksdóttur og þessa dagana er mér mjög hugleikin ný skáldsaga sem heitir **Hansdætur** og er eftir **Bennyju Sif Ísleifsdóttur**. Dúndur-dramatísk skáldsaga af ófeðruðum systur vestur á fjörðum snemma á 20. öldinni, baráttu þeirra, sorgum og sigrum. Ég bæði flissaði og skældi svolítið yfir henni en fylltist líka baráttuhug. Það er góð lestrar-upplifun.

HILDIGUNNUR RÚNARSDÓTTIR, TÓNSKÁLD

Uppáhaldsskáldsagan mín – hér er erfitt að velja. Ég fer í fantasíuheiminn, þar er valið milli *Pratchett* og *Gaiman* og mögulega *Iain M. Banks* og ég held að sagan **Neverwhere** eftir **Neil Gaiman** sé ein mest lesnu bókanna minna. Gaiman byggir hlíðarheim undir London og persónusköpun og þroskaferli bæði aðal- og aukapersóna er glampanði.



ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR, KYNNINGARSTJÓRI HÖNNUNARMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

Ég á margar uppáhaldsskáldsögur, bækur sem sitja í manni, vekja til umhugsunar og víkka sjóndeildarhringinn verða yfirleitt fyrir valinu. Það er erfitt að nefna einhverja eina bók, en ef ég neyðist þá hafði bókin **The second sex (Hitt kynið)** eftir franska heimspekinginn **Simone de Beauvoir** djúp áhrif á mig og ég les stundum ennþá kafla og kafla. Líklega var það vegna þess að ég las hana ólétt að mínu fyrsta barni í háskólanámi erlendis. Bókin opnaði augu mín á svo marga vegu og ég lærði hluti sem eiga eftir að fylgja mér út ævina. Bókin ætti í raun að vera skyldulestur fyrir bæði kynin.




GUNNAR HERSVEINN, RITHÖFUNDUR OG HEIMSPEKINGUR

Það er **Einu sinni var í austri – uppvaxtarsaga** eftir kínverska höfundinn **Xiaolu Guo**. Sagan greip mig umsvifalaust. Söguhetjan er gefin umkomulausum eða barnlausum hjónum í fjallahéraði, sem reyndust síðan ekki hafa ráð á því að ala barnið upp eða gefa því að borða, þannig að þau gáfu það öðrum. „Aðeins smábarn og strax búið að gefa mig tvisvar.“ Eftir lesturinn varð ég að lesa aðra bók eftir höfundinn. Hún heitir **Hnitmiðuð kínversk-ensk orðabók fyrir elskendur** og er einstök. Bókaútgáfan Angústúra gaf báðar bækurnar út.


ÓLI KR. ÁRMANNSSON, BLAÐAMAÐUR OG RÁÐGJAFI HJÁ KOM RÁÐGJÖF

Gravity's Rainbow eftir **Thomas Pynchon** er fyndin og furðuleg. Um leið er hún er ótrúlega umfangsmikil og úthugsuð. Sögu-sviðið er Evrópa undir lok seinni heimsstyrjaldarinnar og bókin hefst með flugskeytaárás Þjóðverja á London. „A screaming comes across the sky“ er einhver magnaðasta upphafslína nokkurrar bókar og lýsir komu eldflaugarinnar. Við tekur einhver tæplega 800 síðna skemmtiferð með ótal útúrðurum þar sem meðal annars kemur við sögu fyrri helför Þjóðverja í Namíbíu, ódauðleg ljósapera, og svo margar sögur að ekki er tóm til að tæpa á þeim. Stöðugt má uppgötva eitthvað nýtt í þessu stórskemmtilega furðuskáldverki.




SVERRIR NORLAND, RITHÖFUNDUR

Fyrsta skáldsagan, sem kemur upp í hugann, er **Infinite Jest** – **Endalaust grín** – eftir **David Foster Wallace**. Það er tæplega 1200 blaðsíðna brjálæði sem lýsir betur en nokkurt annað verk sem ég hef kynnst upplýsingaáreitinu og afþreyingarofríkinu sem við búum við og depurðinni sem oftast en ekki hlýst af því að búa í hinum útflatta og ómanneskjulega heimi kapítalismans. Góð listaverk eru alveg sér á báti og þessi bók er skilgreind sem skáldsaga en um leið brýtur hún allar reglur og er ólík öllum öðrum skáldsögum sem ég hef lesið. Bók sem krefst þess að maður hafi ró og næði til að kafa í hana!



PÉTUR G. MARKAN, SAMSKIPTASTJÓRI ÞJÓÐKIRKJUNNAR

Ég las mikið áður fyrr – kem því sjaldnar í verk núna. Sú bók sem hefur haft mest áhrif á mig er sú dásamlega ljóðabók **Oh, the Places You'll Go**, eftir **Dr. Seuss**. Mamma gaf mér hana daginn sem ég útskrifaðist sem stúdent. Bókin er lífshlaup manns, sigrar hans og ósigrar, gleði, óvissa, örvænting, von, víska og upprisa. Ég hef enga bók lesið oftast, engin bók hefur oftast lesið mig. Í öllum flutningum árána hefur bókin fylgt mér samviskusamlega rétt eins og syndin, nautnin og kvíðinn. Nú situr hún á píanóinu og hlustar á mig þegar aðrir eru sofnaðir.




HEIÐAR INGI SVANSSON, BÓKAÚTGEFANDI

Fátækt fólk eftir **Tryggva Emilsson**. Þetta var ein af uppáhaldsbókum ömmu minnar og uppalandi, Heiðísdísar Eysteinsdóttur. Gerði fyrst atlögu að henni sem unglingur vegna hvatningar frá henni en náði ekki tengingu við hana þá og kláraði því ekki. Las hana svo aftur þegar hún var endurútfegin árið 2010 og þá opnaðist hún alveg fyrir mér. Algerlega mögnuð bók og allt í senn áhrifamikil, sönn, átakanleg og vel skrifuð. Bók sem skilur svo mikið eftir hjá lesandanum.




HILDUR ÝR ÍSBERG, ÍSLENSKU- OG BÓKMENNTAFRÆÐINGUR

Þó það sé erfitt að velja get ég hér nefnt tvær. Báðar hef ég bara lesið einu sinni, af því að ég þori ekki að lesa þær aftur. Sú fyrri er **God knows** eftir **Joseph Heller**. Hún er skrifuð í orðastað Davíðs konungs úr gamla testamentinu – eins konar sjálfsvæðing hans, en flakkar óhindrað um tíma og rúm. Alveg mögnuð bók. Sú seinni er **Life of Pi** eftir **Yann Martel**, en það er einfaldlega vegna þess að hún var, þegar ég las hana, fyrsta bókin í mörg ár sem kipti mér út úr mínum eigin heimi og inn í annan – ég man eftir að hafa verið hálfmóðguð þegar síminn hringdi, því ég var ekki í sama heimi og hann.



BARNA- OG UNGMENNABÆKUR



ÆSA GUÐRÚN BJARNADÓTTIR, RITSTJÓRI

Í hvert sinn sem kemur út ný **Ráðgátubók** í flokknum **Spæjarastofa Lalla og Maju** eftir *Martín Widmark* lesum við hjónin hana upphátt fyrir dætur okkar, tvo kafla á kvöldi, og reynum að leysa gátuna á undan aðalsöguhetjunum. Það eru einstaklega góðar stundir. Sonurinn eini er hugfanginn af **Skrímslabókum Ás- laugar Jónsdóttur**, allra bestar eru **Stór skrímsli gráta ekki** og **Skrímslapest**. Þar má setja sig í spor bæði litla og stóra skrímslisins, með öllum þeirra kostum og göllum. Heimsklassabarnabækur.

HILDIGUNNUR RÚNARSDÓTTIR, TÓNSKÁLD



Bókin **Barist til sigurs** eftir *Jan Terlouw* var lesin alglega í tætlur heima hjá okkur systkinunum og mér þykir afleitt að eiga ekki eintak af henni sjálf. Hún fjallar um þjónsson sem vill verða kóngur, þarf að leysa þrautir eins og gengur og gerist en fer hressilega óhefð- bundnar leiðir til þess. Vill einhver gera svo vel að gefa þessa bók út aftur og gefa henni þá athygli sem hún á skilið? Plís?

SVERRIR NORLAND, RITHÖFUNDUR

Hér verð ég eiginlega að nefna bækur sem ég hef nýverið þýtt á íslensku (ég mundi aldrei þýða aðrar en eftirlætisbækurnar mínar!): **Where The Wild Things Are** eftir *Maurice Sendak*, sem í minni þýðingu nefnist **Par sem óhemjurnar eru**, og eins verk eftir *Tomi Ungerer*. Ég þýddi þrjár bækur eftir Ungerer úr frönsku – **Mána, Tröllid hennar Sigríðar** og **Ræningjana þrjá** – en hann var heilt sólkerfi af kreatífri orku og skrifaði og teiknaði á annað hundrað bóka. Gaman væri að gefa út fleiri bækur eftir hann í framtíðinni. Hann hefur verið mér botnlaus brunnur af innblæstri og hvatningu með lífsstíl sínum og sköpunargleði og var einfaldlega einn besti og frjásti sögumaður 20. aldar að mínu viti.

ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR, KYNNINGARSTJÓRI HÖNNUNARMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

Ég er *Astrid Lindgren*-barn og drakk allar hennar bækur í mig oft og mörgum sinnum í æsku. **Bróðir minn Ljónshjarta** trónir þar á toppnum en í minningunni sá ég mömmu í fyrsta sinn gráta þegar hún las fyrir mig fyrsta kafla bókarinnar. Ég hef svo endurtekið það fyrir mín börn, enda með eindæmum sorgleg byrjun á barnabók.



ÓLI KR. ÁRMANNSSON, BLAÐAMAÐUR OG RÁÐGJAFI HJÁ KOM RÁÐGJÖF


Ég verð að nefna **His Dark Materials** og **Books of Dust** séríur *Philip Pullmans*. Upp á milli þeirra er ekki hægt að gera. Margir þekkja fyrri þrileikinn með **The Golden Compass**, **The Subtle Knife** og **Amber Spyglass**. **Books of Dust** eiga sér svo stað bæði fyrir og eftir atburði fyrstu bókana. Bókunum er erfitt að skipa í flokk þótt þær hafi verið markaðssettar fyrir ungmenni. Þær eru marglega ævintýri fyrir fólk á öllum aldri, bækur sem skerpa hugsun og víkka sjóndeildarhringinn.

GUNNAR HERSVEINN, RITHÖFUNDUR OG HEIMSPEKINGUR

Ég heillaðist af þrileiknum **Gyllti áttavitinn**, **Lúmski hnifurinn** og **Skugga- saga** eftir *Philip Pullman*. Ég las þær fyrst um aldamótin 2000 og skrifaði rítidóma um þær þar sem segir m.a.: Gyllti áttavitinn er mikilsháttar ævintýrabók, **Lúmski hnifurinn** er skuggalega góð bók, gefur allt sem góð bók á að gefa. Höfundurinn hefur bætt við nokkrum sögum um Lýru silfurtungu og bókin **Villimærin fagra** hefur þegar komið út á íslensku hjá Forlaginu. Þá hefur fyrsta þáttaröðin um þrileikinn verið gerð fyrir sjónvarp **His Dark Materials** og er sýnd á Stöð 2. Mæli með henni.

HILDUR ÝR ÍSBERG, ÍSLENSKU- OG BÓKMENNTA- FRÆÐINGUR

Er næsta spurning: Hvert er uppá- haldsbarnið þitt? **Mómó**, eftir *Michael Ende* held ég að sé alveg sér á parti, hún heldur sér mjög vel, enda fjallar hún um tímann, að gefa sér tíma, að hafa ekki tíma, um æsku og elli... Önnur sem ég ætla að nefna er **Litla uglan hennar Maríu** eftir Finn Havrevold. Hún hefur allt sem góð barnabók á að hafa til brunns að bera – spennu, dulúð, páfagauk og fjársjóðsleit!



PÉTUR G. MARKAN, SAMSKIPTASTJÓRI ÞJÓÐKIRKJUNNAR

Ég las allt sem ég komst í þegar ég var yngri, hvort sem það var **Austan Eden** eftir *Steinbeck* eða **Hodja og töfrateppið** eftir *Ole Lund Kirkegaard*.

Engin bók hafði samt jafn mikil áhrif á mig eins og **Riddarar hringstigans** eftir *Einar Má Guðmundsson*. Þessi setning mótar lítinn mann fyrir lífið: Og ég sem hélt að litlir strákar gætu ekki dáíð.



HEIÐAR INGI SVANSSON, BÓKAÚTGEFANDI

Bróðir minn Ljónshjarta eftir *Astrid Lindgren* er án efa ein allra áhrifamesta bók sem ég hef lesið. Reyndar var hún fyrst lesin fyrir mig þegar hún kom út en síðan las ég hana sjálfur og það allnokkrum sinnum. Í henni er að finna einhvern galdur sem ekki er á allra færi að leika eftir og aðeins er hægt að upplifa með lestri vel skrifaðra bóka. Í bókinni reynir leiftrandi textinn þannig á tilfinningar manns og ímyndunarafli að allt í henni kviknar ósjálfrátt ljóslifandi fyrir hugskotssjónum, bara við það að loka augunum. Þannig er bíómyndin ekkert sérstaklega eftirminnileg en bók in ógleymanleg!

GÓÐ ÞJÓNU



ER RAFGEYMIRINN DAUÐUR?

NOCO
GENIUS BOOST+
GB40 STARTTÆKI



INTERFLON

ÚRVAL AF EFNAVÖRUM,
NÝJAR UMBÚÐIR SÖMU GÆÐA EFNIN

**KÍKTU Á KEMI.IS OG
SKOÐAÐU ÚRVALIÐ**

STA Í 25 ÁR



ÖRYGGISVÖRUR

Heyrnahlífar, öryggisgleraugu, rykgrímur og andlitshlífar



OLÍUVÖRUR

Smurolía, glussi, koparfeiti, gírolía og sjálfskiptivökvi

SVO
ALLT
GANGI
SMURT



kemi

Tunguhálsi 10 • www.kemi.is

SAKAMÁL

Ágúst Borgþór
Sverrisson
agustb@dv.is



Jenelle Potter átti að sögn erfiða ævi í smábænum Mountain Town í Tennessee. Þar búa um 2.500 manns. Fjölskyldan flutti þangað árið 2005 þegar Jenelle var 23 ára. Eldri systir hennar var flutt að heiman en Jenelle var óvinnufær og stríddi við ýmsan heilsubrest. Sykursýki, skert heyrn og kvíðaröskun voru aðeins hluti af því. Foreldrar Jenelle vernduðu hana stíft og hún var mjög einangruð. Hún hitti fáa en varði miklum tíma á netinu þar sem hún lét gamminn geisa undir öðrum nöfnum, fyrst á spjallrásum og síðan á Facebook, eftir að sá frægi samfélagsmiðill kom til sögunnar. Segja má að Jenelle hafi lifað lífi sínu að miklu leyti á samfélagsmiðlum.

Foreldrar hennar eru Barbara og Marvin Potter. Marvin var fyrrverandi hermaður í sjóhernum og hafði þjónað í Víetnam. Hann hafði einnig, að eigin sögn og Barböru, starfað fyrir CIA, en sanngildi þeirra yfirlýsinga er dregið mjög í efa. Þegar þarna var komið sögu stríddi Marvin við ekki minni heilsuþrest en dóttirin Jenelle og var óvinnufær. Barbara hafði starfað fyrir Hewlett Packard en hún helgaði sig núna umönnun veikra ættingja, sem voru ástæðan fyrir því að fjölskyldan hafði flutt til Mountain Town.

Jenelle eignast vini

Það var í kringum 2010 sem einangrun Jenelle í Mountain Town var rofin að nokkru leyti. Þá sá lyfjatæknirinn Tracy Greenwell aumur á henni og gaf sig á tal við hana, dag einn þegar Jenelle var að sækja lyfin sín í apótekið. Eftir þetta varði Jenelle nokkrum tíma með Tracy og vinum hennar, sem og bróður hennar Billy Payne. Jenelle varð bálskotin í Billy sem endurgalt það ekki, heldur tók saman við konu að nafni Billie Hayworth. Árið 2011 eignuðust þau barn saman.

Tracy kynnti Jenelle líka fyrir frænda sínum Jamie Curd og þau áttu í ástarsambandi sem þau héldu leyndu fyrir hinum ströngu og ofverndandi foreldrum Jenelle, en hjónin héldu að Jamie væri bara heimilisvinur enda sótti hann líka í félagsskap þeirra og kom oft á heimilið. Hvað sem leið sambandinu við Jamie var Jenelle áfram mjög hrifin af Billy og var mjög ósátt við samband hans við Billie og að þau hefðu eignast barn saman. Hún sagði að hún hefði átt að fæða honum barn.

Ofsóknir á netinu

En einmitt þegar félags-

Tvær manneskjur myrtar eftir ímyndað rifrildi á Facebook

CIA-fulltrúinn Chris hafði mikil áhrif á fjölskyldu eina í smábæ í Tennessee. Hann taldi dótturina á heimilinu vera í hættu og hvatti foreldra hennar til að ráðast til atlögu við stórhættulegt par sem bjó í bænum og ofsótti dótturina. Allt reyndist tal hans tóm þvæla.



Jenelle Potter varð fyrir miklum ofsóknum og hún taldi líf sitt vera í hættu. Ekki var þó allt sem sýndist.

MYND/FACEBOOK

unni og tókst honum að útvega hljóðritun þar sem Marvin gekkst við morðunum.

CIA-maðurinn Chris

Meðal þess sem fannst við húsleit hjá Potter-fjölskyldunni voru fjölmargar ljósmyndir af parinu Billy og Billie og mikið magn af útprenti sem innihélt tölvupóstsamskipti við mann að nafni Chris, fulltrúa hjá CIA. Chris átti mest tölvupóstsamskipti við Barböru, móður Jenelle. Chris sagði henni að setið væri um líf Jenelle og fólkið sem ætlaði að vinna henni mein væru þau Billy og Billie. Í augum Chris væru þau bæði rétttræp.

Þetta var vægast sagt sérkennilegt. Hvers vegna í ósköpunum var CIA-maður að skipta sér af fábrotnu fólki í smábæ í Tennessee? Þar að auki var textinn sem maðurinn skrifaði barnalegur og fullur af stafsetningarvillum. Enn fremur komust rannsóknarmenn að því að IP-tala þessa Chris tilheyrði í raun tölvu á heimilinu. Það var Jenelle sem hafði skrifað alla þessa tölvupósta. Fyrirmyndin að þessum Chris var Chris Hayden, gamall bekkjarbróðir Jenelle sem vann við öryggisvörslu. Hann vissi ekkert um þetta.

Enn fremur kom í ljós að allar ofsóknir gegn Jenelle á Facebook voru tilbúningur hennar. Hún hafði stofnað gerviaðganga og skrifað þetta allt sjálf.

Jenelle var einföld stúlka sem hafði lifað vernduðu lífi og hvorki sótt sér framhaldsmenntun né starfsreynslu. Auk þess glímdi hún við geðræn vandamál. Þetta kom ekki í veg fyrir að henni tækist að sannfæra hina ofverndandi foreldra sína um að líf sitt væri í hættu og fá þá til að myrða saklaust fólk.

Þessu dæmalaus máli lauk með þungum fangelsisdómum. Marvin, faðir Jenelle, fékk tvöfalt lífstíðarfangelsi. Jamie Curd gerði samkomulag við saksóknara og vann með lögreglunni, en hann fékk 25 ára fangelsi. Mæðgurnar Jenelle og Barbara fengu báðar lífstíðarfangelsi. ■

Billy Payne og Billie Hayworth voru myrt.

MYND/SKJÁSKOT AF YOUTUBE



lífið virtist loksins farið að blómstra hjá Jenelle varð hún fyrir miklum og vaxandi ofsóknum á netinu. Andstyggileg nafnlaus skilaboð fóru að birtast á Facebook-síðunni hennar. Móðir hennar Barbara, setti inn skilaboð þar sem hún bað fólk um að skrifa ekki á síðuna hennar. Það hafði engin áhrif.

Jenelle hélt því fram að Billie Hayworth stæði á bak við ofsóknirnar. Jenelle sagði jafnframt að fólkið öfundaði hana af því hvað hún væri fallleg og það væri ástæðan fyrir ofsóknunum. Þessar ásakanir

Jenelle urðu hins vegar til þess að Billy og Billie afvinuðu hana á Facebook, nokkuð sem henni mislíkaði mjög.

Hryllileg morð

Þann 31. janúar árið 2012 kom vinur parsins Billy Payne og Billie Hayworth að þeim látnum. Þau höfðu bæði verið skotin í andlitið, auk þess hafði Billy verið skorinn á háls. Í fangi Billie var sjö mánaða gamalt barn hjónanna, og var á lífi, ósært.

Rannsóknarlögreglumaðurinn sem var yfir rannsókn málsins sagði við fjölmiðla að

það þyrfti ótrúlega mannvönsku til að myrða konu með barn í fanginu.

Meðal þeirra sem lögregla ræddi fljótt við í rannsókninni voru Jenelle og fjölskylda hennar, auk kærastans/heimilisvinarins Jamie. Við yfirheyrslur sagði Jamie við lögregluna að hann hefði átt í skilaboðaspjalli við CIAMann sem sagði að setið væri um líf Jenelle.

Eftir sex klukkustunda yfirheyrslur játaði Jamie að hafa myrt parið í félagi við Marvin Potter, föður Jenelle. Jamie féllst á að vinna með lögreglu



Þrífélagið

Flutningsþrif

Láttu okkur
sjá um þrifin
meðan þú flytur



Pantanir í gegnum
thriffelagid.is

Hvað er innifalið í flutningsþrifum?

- Ryksugum og skúrum
- Þurrkum af yfirborðsflötum
- Skrúbbum og þrifum klósett, sturtur og baðkör
- Fægjum spegla og krana og eldhúsvélar
- Þrifum ofna og ísskápa
- Rúður þrifnar að innan
- Og margt fleira

Verð frá 50.215.- ISK

Regluleg þrif á heimilum

- 10% afsláttur af mánaðarlegum þrifum
- 15% afsláttur af hálfsmánaðarlegum þrifum
- 20% afsláttur af vikulegum þrifum

Verð frá 19.800.-ISK

Una í eldhúsinu



MYNDIR/AÐSENDAR

Dögurður eða „brunch“ sameinar morgunmat og hádegismat í eina máltíð eins og flestir vita, en sú uppfinning er líklega með þeim betri. Það er fátt notalegra en að útbúa góðan dögurð um helgar þegar heimilisfólkið sefur aðeins lengur og njóta þess að borða svo saman í rólegheitum.

Ketóbolla með steiktu eggi og kotasælu

1 ketóbolla skorin í tvennt
1 egg
3 msk. kotasæla
1 avókadó
Rifinn ostur
Steinselja
Salt og pipar
Béarnaisesósa til hliðar

Byrjið á því að setja kotasælu á annan helming ketóbollunnar (botninn).

Stráðið rifnum osti yfir kotasæluna og setjið í ofninn við 180 gráður í um 5 mínútur.

Á með spælið þið egg á pönnu, setjið vel af salti og pipar yfir.

Leggið eggid á brauðbolluna, skerið niður avókadó í þunnar sneiðar og leggið ofan á eggid.

Klippið niður ferska steinselju yfir og berið fram með béarnaisesósu og steiktum kartöflum til hliðar.



Steiktur kartöflur
Kartöflur
Olía
Rósmarín
Salt
Pipar
Smjör

Skerið nokkrar kartöflur niður í smáa bita, setjið í eldfast form.

Kryddið kartöflurnar með salti, pipar og smá rósmaríni, hellið ólífúolíu yfir kartöflubitana og setjið í ofn við 200 gráður í um 20 mínútur.

Eftir að kartöflurnar hafa aðeins fengið að mýkjast í ofninum, setjið þið þær á heita pönnu og steikið þær upp úr smjöri þar til þær verða stökkar og fallega brúnleitar.



Morgunverðar tortilla-kaka

Morgunverðar tortillur eru hrikalega góðar og fljótlegar. Það er snilld hversu fljótlegt er að skella í þær og nýta má nánast hvað sem er til í ísskápnunum. Ég miða við eina tortilla köku á mann, ½ avókadó og 1 egg á hverja pönnuköku.

Tortilla-kökur
Salsasósa
Rifinn ostur
Avókadó
Egg
Salt og pipar
Kóríander
Sýrður rjómi

Byrjið á því að útbúa eggjæræru: Þeytið egg í skál, kryddið með salti og pipar og steikið á pönnu.

Smyrjið tortilla-pönnukökur með salsasósu, skerið niður avókadó bita og leggið í pönnukökuna, eggjærærunni er svo bætt ofan á, rifnum osti stráð aðeins yfir og kökurnar settar inn í ofn í um 5 mínútur eða þannig að osturinn fái aðeins að bráðna og kökurnar verði ljósbrúnar, forðist að hafa þær of lengi inni ef þið hyggist rúlla þeim upp áður en þið berið þær fram, þær eiga það til að verða stökkar í ofninum mjög fljótt.

Klippið niður ferskar kryddjurtir eins og steinselju eða kóríander og setjið yfir og berið fram með sýrðum rjóma.

Verði ykkur að góðu.

Föstudagspítsan í uppáhaldi hjá Kristínu Soffíu

Kristín Soffía Jónsdóttir, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, er oft á þönum milli staða vegna vinnu sinnar. Hún stefnir á að verða aftur góður kokkur, en þessa dagana litast mataræðið af aldri barna hennar. Hvað ætli hún borði helst á venjulegum degi?

Guðrún Ósk
Guðjónsdóttir
gudrunosk@dv.is



Dagur Kristínar Soffíu byrjar á kaffibolla í rúminu. „Maðurinn minn er aðeins hressari en ég á morgnana og hjálpar mér af stað með því að færa mér kaffi í rúmið flesta daga,“ segir hún.

„Svo er nokkuð mismunandi í hvaða rúmi ég vakna, verandi með tvö smábörn erum við aðeins í næturbrótti og skokkum á milli rúma að sinna börnum. Börnin fara til dagmömmu og á leikskóla um hálfniú og þá fer ég annað hvort niður í ráðhús, Höfðatorg, Hafnarhús, eða byrja daginn á skrifstofunni heima. Vinnan mín er nokkuð dreifð svo ég er oft á þönum á hjóli eða hlaupahjóli milli staða. Einstaka sinnum skýst ég í World Class og finnst þá best að fara í Hot Fit eða Yoga. Seinnipartinn eru börnin sótt og þá er ekki óalgengt að við förum öll saman í göngutúr eða hjólatúr út í Krónu að kaupa í matinn. Reynum allavega að viðra okkur aðeins í lok dags, sama í hvaða formi það er. Svo tekur við hasar að koma öllum inn og elda matinn án þess að neinn slasi sig og svo borðum við venjulega á slaginu sex. Jafnvel reynum við Gestur að ná einum litlum bjór og smá spjalli yfir pottunum.“

Mataræði

Kristín Soffía fylgir engu ákveðnu mataræði, en er að reyna að koma sér aftur inn í 16:8 föstu. Það þýðir að hún fastar í sextán tíma sólarhrings og borðar hina átta tímana.

„Ég var fastandi áður en ég varð ólétt af Steinari og það fór mjög vel í mig,“ segir hún og bætir við: „Allt sem ég geri þessa daga litast af því hvað börnin eru lítil, svo mataræðið er kannski helst til einfalt og laust við chili.“

Eldhúsið er griðastaður fyrir Kristínu Soffíu og segist hún myndu lýsa sér sem góðum kokki. „Ég var allavega góður kokkur einu sinni og stefni á að verða það aftur þótt ég sé aðeins of mikið í pulspastanu núna,“ segir hún.



Kristín Soffía ver miklum tíma í eldhúsinu og nýtur þess að elda.

MYNDIR/ANTON BRINK

Matseðill Kristínar Soffíu

Morgunmatur

Ég er nýbyrjuð að fasta aftur eftir að hafa tekið pásu frá því á meðgöngu og í brjóstagjöf. Ég fasta venjulega frá 19-11 svo morgunmaturinn er bara kaffi.

Millimál

Ef ég er orðin orkulaus seinni partinn fæ ég mér stundum suðusúkkulaði með hnetusmjöri, finnst það guðdómleg orkubomba.

Kvöldmatur

Við erum að byrja aftur með Eldum Rétt eftir sumarfrí og fáum þrjár máltíðir þaðan. Hina dagana er oft fiskur, grillaður kjúklingur, pítsur, pasta, tortillur eða bara hvað sem uppfyllir öll þau skilyrði að vera fljótlegt, nokkuð hollt og henta fyrir smábörn.

Hádegismatur

Ég er mjög mikið á þeytingi vinnu minnar vegna og fæstir dagar eins. Ég borða oft í mótuneytinu í Ráðhúsinu eða leyfi mér að skella mér á fisk dagsins á einum af fjölmörgum veitingastöðum niðri í bæ og hita svo afganga heima.

Uppáhaldsmáltíð

„Mjög erfið spurning. Akkúrat núna myndi ég segja að föstudagspítsan sé í uppáhaldi. Finnst algjör draumur að fara í Sælkeraborðið í Hagkaup og kaupa fullt af ostum og skinkum, setja upp antipasti bakka í eldhúsinu og henda síðan í pizzur með góðu fólki sem við skolum niður bara við eyjuna með ítölsku rauðvíni,“ segir Kristín Soffía. ■

„Finnst algjör draumur að fara í Sælkeraborðið í Hagkaup.“

Súper einfaldar og fljótlegar kjúklinga-tortillur sem krakkarnir elska

- 1 bakki úrbeinuð kjúklingalæri
- 2 paprikur
- 1 laukur
- Slatti af góðri ólífuolíu
- Krydd: 1 msk. cumin, 1 msk. paprika, 1 tsk. kóríander, salt
- Meðlæti
- Litlar tortillakökur
- Spínatkál
- Kirsuberjatómatar
- Avókadó
- Sýrður rjómi
- Rifinn ostur
- Smá kreista af lime



Kjúklingur, paprika og laukur fara saman í eldfast mót og er velt saman með góðri ólífuolíu og kryddi.

Formið fer svo inn í 200 gráðu heitan ofn í 30 mínútur.

Á meðan ofninn sinnir eldamennskunni sker ég niður grænmeti. Það er hægt að setja hvað sem er með í kökurnar, við setjum spínatkál, kirsuberjatómata og avókadó.

Þegar fimm mínútur eru eftir af eldunartíma pakka ég tortillakökunum inn í álpappír og skelli inn með til að hita þær aðeins.

Þá er ekkert eftir annað en að raða því sem að hver og einn vill í kökurnar. Auk grænmetisins er ég með rifinn ost, sýrðan rjóma og niðursneitt lime.

HELGAR KROSSGÁTAN



	PIL	HRIFNING ÞRÓTTUR		MAGNA SKRÁ	SPIL	INNKALLA	
LOFTSLAG							BLETTIR
TEL							
			ARGUR				
GJÓTA			PÖKK		5		
			SKILJA				
DUNDA				ÁLAG			
				SJÁVAR- DÝR			
ELSKA				BOTNFALL			
ÓNÆÐI				TVÍHLJÓÐI			
		VÍSADI SKYLDIR	TVEIR EINS	RÍKI Í AFRÍKU	MULDUR VEFNADAR- VARA		PRÍVAT
STRÝTA							ÞEGAR
MÁNUÐUR							FLÍK
			LÍÐA			3	GREMJA
			FÆLIN				FUGL
TVEIR EINS		HÚÐ					FUGLA- HLJÓÐ
RÚIN		SNYRTI- LEGUR					LÚKAR
			SPILA	2			GERAST
			LÍNURIT				FISK
		SJÁ			ATLÖGU		
		ÓBYGGÐ			DRYKKUR		
SÍÐRI					GLITRA		DUFT
					SAMTÖK		
MÁL				LÆKNING	1		HREKKJA
				ÁRANS			SKÓLI
							SNYRTIR
TIL		BAKATIL	DETTA			SKOP	
			KYRRA			TVEIR EINS	UM- KRINGJA
FLJÓTUR				GAGN		DUG- LEGUR	
						ÍLÁT	
		FANTALEG				LOTA	UM- HYGGJA
		HRÓPA				LÍÐA VEL	
TÆRA				SÁÐLAND			
RÖR				Æ		ÁHRIF	4
			UTAN		ÁTT		
						KVK NAFN	



Verðlaunahafi síðustu helgarkrossgátu

Ingveldur Gunnarsdóttir, Akureyri.

Rétt svar við gátu vikunnar skal senda á krossgata@dv.is ásamt nafni, símanúmeri og heimilisfangi.



Verðlaun fyrir rétt svar er bókin Hvít haf eftir Roy Jacobsen.

Hvít haf lýsir á meistaralegan hátt ör-lagaríkum tíma í sögu Noregs. Bókin er sjálfstætt framhald sögunnar Hin ósýnilegu, sem hefur hlotið mikið lof.

Árið 1944 hafa Þjóðverjar hertekið Noreg. Ingrid snýr aftur til æskustöðva sinna á Barrey sem hefur verið auð og yfirgefin. Hún býr sig undir kulda og einsemd vetrarins því hún þekkir eyjalífið. Fljótlega kemst hún þó að því að hún er ekki ein á eyjunni og á óvæntan hátt kemur ástin inn í líf hennar nokkrar kaldar vetrarvikur.

Roy Jacobsen hefur hlotið fjölmörg verðlaun og viðurkenningar fyrir verk sín, meðal annars tvisvar verið tilnefndur til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Árið 2017 hlaut hann, fyrstur norskra rithöfunda, tilnefningu til alþjóðlegru Man Booker-verðlaunanna fyrir Hin ósýnilegu, en sú bók hefur verið þýdd á fjölmörg tungumál og kom út á íslensku 2019.

Jón St. Kristjánsson þýddi.

SU DO KU

Lausnaröð þessarar helgarkrossgátu er:

1	2	3	4	5	6	7
---	---	---	---	---	---	---

6						3
	7	8			2	
	3		9			7
			7	5		
5			2		3	
9	8			1		
		5				2
			4	7		8
			6			9

8	2	9	3				
5				7			4
						3	
6		1					8
				6			7
	5	2			9		
					6		
	8		2		1	5	
4				9	5		2

Lausn síðustu helgarkrossgátu

				H		L	
				B	L	S	S
				D	R	A	F
				A	G	I	G
				S	E	L	J
				K	A	R	L
				A	S	K	I
				P	A	T	A
				D	U	L	M
				A	L	P	O
				M	I	L	L
				S	K	A	L
				A	L	L	A
				F	A	E	O
				M	A	K	A
				H	A	L	L
				F	E	G	R
				L	I	T	I
				B	A	S	A
				T	A	P	A
				U	A	U	I
				U	N	G	U
				S	E	F	U
				L	A	G	A

ÓREGLULEG SUDOKU

Þessi tegund af sudoku nefnist Óregluleg sudoku. Þar eru kassarnir fyrir tölustafina 9 ekki reglulegir en þrautin er eftir sem áður sú sama, það er að eingöngu má nota hvern tölustaf frá 1 upp í 9 einu sinni í hverjum kassa, þótt hér séu þeir óreglulegir og að í hverri línu, lárétt og lóðrétt gildir það sama og í öðrum sudoku að aðeins má hver tala koma fyrir einu sinni.

	4						9		
6		1						2	
5			3		8				
			2	6		5			
		4		1	5				
		5		2					3
	2					4			6
		3							7

STAFARUGL

Leynigesturinn í síðasta stafarugli var **PÁSKAFRÍ**. Því þótt haustið með sínum tilheyrandi haustverkum og undirbúningi fyrir veturinn sé mörgum ofarlega í huga núna þá er of langt að hugsa til páskafrís, sjálfsagt nær hugurinn vart mikið lengra en jólafrí og áramót enda veturinn ekki ennþá genginn í garð.

Eitt af því sem fylgir þessum árstíma er að farfuglarnir yfirgefa landið. Sumir þeirra hafa þó þann sið að aðeins

hluti þeirra fer burtu en aðrir bræður og systur þeirra kjósa að vera um kyrrt en teljast þó til farfugla. Einungis þeir sem aldrei fara teljast staðfuglar. Orðasúpa dagsins er farfuglarnir, hvort sem aðeins hluti þeirra fer eða allir en einn af upptöldum fuglum fer þó aldrei.

Svo, hér er 20 orða orðasúpa, 19 gefin upp eins og venjulega og það tuttugasta, leynigesturinn, er einn af þeim fuglum sem býr hér árið um kring.

lóa spói hrossagaukur grágæs	hettumáfur rita kría snjótittlingur	heiðagæs lómur svartþröstur kjói	lund álf langvía teista	gráhegri svanur stuttnefja
------------------------------	-------------------------------------	----------------------------------	-------------------------	----------------------------

AMERÍSK KROSSGÁTA

1	2	3	4	5		6	7	8	9	10	
11						12					
13						14					
15						16					
17					18			19			
			20	21				22			
23	24	25		26				27	28	29	30
31			32					33			
34								35			
36								37			
38								39			

- | | | | |
|--|--|--|---|
| LÁRÉTT
1. óhreinka
6. veski
11. mælieining
12. ofmat
13. afstýrmi
14. rými
15. rás
16. núðlur
17. sál
18. skóli
19. skrá | 20. dimmt
23. móðurlíf
26. tveir eins
27. veltingur
31. dáð
33. kjarr
34. kjötstykki
35. mótmæli
36. kvarsteinn
37. skammt
38. eldstæði
39. froskur | LÓDRÉTT
1. dralla
2. kryddjurt
3. táknmynd
4. íþrótt
5. blása
6. tindar
7. ávinna
8. slengjast
9. útgjöld
10. afhending | 18. mánuður
21. gleikkun
22. bikkja
23. niðra
24. samkvæmt
25. hreysi
28. furða
29. mergð
30. hamingja
32. stakur
33. umrót |
|--|--|--|---|

Á S Í B N X X X G Ú V O I Á H Ó I Y K É X Þ S Þ J Þ E Ú E R
 L D P S V Ó U A H Þ U L X G I H X V M D S L U É U V Ý B Y V
 S N F Ý J O R R V Þ A X A N R Ý J J N H N P P G N I V G X E
 J N V Ó K Ý É Í M Þ N L K D Á A L É Þ J B Í Þ P Y B Í X R Ó
 A X J B Ó J D Í Ó B X L Ú X J Ó N I J Ó I O S L I Á Y O P A
 Á H Ý Ó Á D P N Y Þ B K Í E I R Ó X U S N S Þ G P F B Í V I
 B E L L T V T H R Þ S G J T Ý J F E E N P V X S Þ A S Í P J
 S S T Ó Ú I R I Ý D I X Í Á K U Ó Y E Ý X K R Í A Í M T E K
 M Y G Y D É T J Þ Í S O X Í Ý I D P M X Ú E J T F H V Ý A O
 T I U P B Ý Á T L D S H V H L R U E Ý Ý B T M L A N G V Í A
 Y G Á P X I F P L Ó Ó S Í H R O S S A G A U K U R Í Y Á Þ Á
 N G E R B É Þ D B I Ý X V M X A P J É A G N Í N O J Ú H Ý Y
 N Ý T G R Á G Æ S P N J X Á T Þ S R Ú A K D L D U V N Á Þ G
 F N H E Ý B É N V N J G E Ú R M E L Y G X Ú Þ I H G T X J Ú
 J D I S P Ó I P Ó Ú F Í U K Y S B F S D É H Á R Þ I Í Y N S
 X S Í K J K É Ú Þ L H P Þ R X A G F V Þ U J E S S G R Þ X F
 E N Þ Þ N P G V S S Ó P O Þ H R N N L J Ý D Í F F D A D T T
 P M Í O Þ U U F B O V A X B Ú Í R N Á Ó N Í Þ M É É L Ó G E
 O R Í U Þ V Á Ó N Y M A J Ú B U O H Á P N K R M X Ý Þ Í L H
 U T G U S Ó L Y J F N M R Á Þ Ó O D R L F E A I E I Þ T F R
 H T G A S N K Á B J K N Ý T T I J X S Á É N R V R S Þ M S É
 K Y V Á Á G A X O Ó É M S V Þ S E Y É V T G O O Þ Ú K I J Í
 L Ý I M R M É Ó M Y K L X X B R B Á K S E Ó T P X Y R Í K L
 T Ó N P Ó A H B Á G G H T T K E Ö D V H E B D A Ý Ó V P J A
 J R Ý P V Ó U R N A Y U H F D T P S Á D Þ K O G I Í O E N Á
 Y F Y V F T Y B A M O R X H K A N R T Y J B E P M L Y S O I
 F G K I O T J M M F M Ú P E G N G E T U U E R J T B É V S Ý
 R A Y P U J R É Á H N T Ó D S Á E Ý V N R E B X R Y Ý A V O
 K E O E P É N Þ M P L Y G É H T P I É P U U É Ó H D Y N Ó N
 D U U B Y T É Þ R H B F A H Í Í H I E B G Ó R F N M O U G E
 K É H S N L Ú H N F J J F J N L B M U P M U I G D Í Ú R E G
 U J E Á Ú É S M Í L F M Y É G Í K Í P G I X Á T Ú R Á Y P P
 Þ G T A A Ý D P N E A U G M A T Þ Ó L Á T E H Í Í I F S K R
 E T T S É V Í Ú N N V Á F N I X H É P G H T A Ý B T E Þ Í Þ
 J Ó U B G V U T O H E I Þ A G Æ S P J A V G D Ú X A É I O Ý
 A J M E Ý V T Í L S L É O G Ó T Ú A X B G P P Þ H U O F M Þ
 P É Á H Ó U D E Ó M É A X K D R M I V O H É T E I S T A Y L
 I S F M T Þ Þ I M O J A A M Ý N T U O Á Y R Í K A Y D S Y K
 Ó Á U S D D N K U S Ý L Í N É D B Y Y É X Á N B R X Í H J L
 Ó É R V Þ Y Ó I R B F É V Ó K Þ I Í Þ F N A S I A J K O H G

iPhone viðgerðir

facebook.com/biladursimi

780 7459

www.biladursimi.com

Fjölskylduhornið

Kristín Tómasdóttir hjónabandsráðgjafi svarar spurningum lesenda um málefni er varða fjölskylduna, börnin og ástina

í Fjölskylduhorni DV. Að þessu sinni svarar Kristín spurningu lesenda sem er að upplifa ástarsorg.

Sérfræðingur svarar



GET EKKI SLEPPT TAKINU

Hjálp! Það slitnaði upp úr sambandi mínu og fyrrverandi fyrir þó nokkru síðan. En ég virðist ekki geta sleppt takinu. Ég hugsa um hana stanslaust og get ekki fengið mér í glas án þess að senda henni skilaboð og biðja hana um að taka við mér aftur. Nú er svo komið að hún er farin að blokkera mig og hefur beðið vinkonur sínar að biðja mig um að láta hana í friði. Ég skil ekki hvers vegna hún hætti með mér. Mér finnst eins og ég þurfi að fá closure en hún neitar að gefa mér það. Ég frétti af því nýlega að hún er farin að hitta annan stráak og mér fannst eins og hjartað hefði verið rífið úr brjóstinu á mér og krossfest. Ég bara skil ekki hvers vegna hún getur ekki séð að það sem við höfðum var einstakt og þess virði að halda í. Ég vil samt ekki vera krípi gaurinn sem situr fyrir fyrrverandi svo ég er að reyna að sleppa takinu. Við erum samt í sama vínahóp og erum oft á sömu stöðunum svo sárið er bara rífið upp nánast daglega. Hvað get ég gert til að hætta að elska hana?



MYND/GETTY

Þetta er svo vont

Ohh, þetta er svo vont! En ef það hugar þig eitthvað þá heyra svona aðstæður undir frasann: „Vont en það venst.“ Aftur á móti finnst mér leiðinlegt að svekkja þig með því að ef það er stöðugt verið að rífa upp sárið mun vaninn taka lengri tíma. Það sem stendur oft í vegi fyrir bata á þessu stigi máls er að það heillist ákveðinn masókismi yfir fólk sem lýsir sér þannig að ef ekkert annað er í boði, þá er betra að rekast „óvart“ á viðkomandi. Elsku kallinn minn, þú þarft að taka stjórnina og hætta að kroppa í sárið.

Höfnunartilfinningin

Nú ætla ég ekki að fullyrða neitt um þitt mál en það er algengt að fólk í ástarsorg haldi að það sé í ástarsorg vegna þess að það var yfir sig ástfangið í sambandinu. Eðli málsins samkvæmt. Ég leyfi mér þó að nefna það að stundum blekkir höfnunin og telur fólk trú um að það hafi verið að kafna úr ást. Sérindin eru svo mikil og höfnunartilfinningin svo sterk að

„Mér fannst eins og hjartað hefði verið rífið úr brjóstinu á mér og krossfest.“

það er fátt sem meikar sens annað en gríðarlegur ástmissir. En þá gæti verið hollt að velta eftirtöldu fyrir sér: Getur verið að sambandið ykkar hafi verið orðið hundleiðinlegt? Getur verið að þið hafið bæði verið ósátt en hún hafi tekið af skarið og hætt með þér? Getur verið að á tímum hafir þú sjálfur velt sambandsslitum alvarlega fyrir þér? Ef svo er, þá er um að gera að hugsa þá hugsun

til enda. Ég reyni oft í slíkri vinnu að hjálpa fólk að hafna fyrrverandi maka í huganum. Tína til hvað þú hefðir viljað sjá öðruvísi á sínum tíma og hvaða tækifæri þú hefur í dag til þess að líða vel í nýjum aðstæðum.

Hugarfarið

Það eru ekki aðstæður okkar sem láta okkur líða illa. Við erum gjörn á að skýra líðan okkar með einhverju sem

„kom fyrir“ eða við „lentum í“. Sem dæmi getum við nefnt að þér líður illa vegna þess að hún hætti með þér. Aftur á móti er þarna ein stoppi-stöð sem við getum ekki litið fram hjá og nefnist hugsanir! Líðan okkar stjórnast af því hvernig við hugsum aðstæður okkar. Líðan þín fer alfarið eftir því hvernig þú hugsar um sambandsslitin. Ástarsorg er mjög skýr birtingarmynd af neikvæðri sjálfmynd en þú hefur val um að beina henni í jákvæðari átt. Við höfum alltaf val. Þú getur hugsað „hún er frábær og ég er ömurlegur“, eða „ég mun aldrei eignast jafn frábæra kærustu“, en þá mun þér líða illa. Ef þú reynir að snúa upp á þetta og kreista fram hugsanir um þína kosti og hugmyndir þínar um betra samband, viltu til, með tímanum færast þessar hugsanir inn í ósjálfráða hugsanakerfið þitt og þér mun fara að líða betur.

Hvað gerir þér gott?

Þá gæti verið gott að setja fókusinn á það sem gleður þig í lífinu, það sem veitir

ánægju og hamingju. Ef svarið er ekkert nema hún, þá er um að gera að reyna að finna út úr því. Hvað finnst þér gaman að gera? Viltu ekki gera meira af því? Með hvaða fólk líður þér vel? Geturðu umgengist það oft? Hvers konar hreyfing gerir þér gott? Geturðu stundað hana oft? Þetta hljómar eflaust auðveldara en raun framkvæmdarinnar, en það er sannleikskorn í því að ef við gerum mikið skemmtilegt og lítið leiðinlegt þá verður lífið ögn betra.

Það mun stytta upp og þá getur þú vonandi litið í bak-sýnisspegilinn og séð að þessi reynsla styrkti þig og gaf þér ný tækifæri sem þú hefðir ekki viljað fara á mis við. Leyfðu þér að hlakka til þess! ■

Við hvetjum lesendur til að senda spurningar og vangaveltur sínar til Kristínar í tölvupósti á: hjonabandssaela@gmail.com.

Spurningunum verður svo svarað hér í Fjölskylduhorninu, að sjálf-sögðu nafnlaust og í fullum trúnaði.

SPÁÐ Í... stjörnurnar



LESID Í TAROT Ólafur Darri Ólafsson

STJÖRNUSPÁ Vikan 18.09. – 24.09.

Skýin hverfa og það birtir til...

Hvað segja spilin um Ólaf Darra Ólafsson stórleikara og Fiska? Við elskum að tala um Fiska, þeir eru svo 'flæðislegir' og skemmtilega flóknir. Eins og skemmtileg gáta sem þarf að leysa. En að öllu gríni slepptu þá eru þeir afar ljúfir og aðeins sér sjálfum erfiðastir. Flestir Fiskar eru listamenn eða í það minnsta hafa gaman af listinni og styðja við hana. Þeir eru örlátar tilfinningaverur. Fiskurinn flýtur með straumunum og er alltaf til í alls konar vitleysu.



MYND/SIGTRYGGUR ARI

Flónið

Nýtt upphaf | Sakleysi | Frumkvæði | Frelsi

Æ, þig langar bara að hafa gaman núna. Þú nennir ekki lengur að vera með fyrirfram áhyggjur og ert að öðlast nýtt viðhorf. Oft á tímum eins og þessum þegar heimurinn er yfirþyrmandi og maður lærir að maður hefur hvort eð er ekki vald yfir honum, þá sér maður hlutina frá nýju sjónarhorni. Maður þakkar fyrir það sem maður hefur og tekur einn dag í einu. Þú er sérstaklega þakklátur fyrir þennan nýja anda sem kemur yfir þig og smitar þessari orku frá þér. Dóminó-áhrifin kikka hér inn, þar sem eitt gott leiðir af öðru og það allt bara með betri liðan.


Sólin

Jákvæðni | Skemmtun | Hljá | Velgengni | Lífskraftur
Margir eiga erfitt með að aðlagast við árstíðaskipti og þú hefur verið einn af þeim sem eiga erfitt með að kveðja sumarið og horfast í augu við komandi vetur. En ekki í þetta sinn. Það eru svaka breytingar í loftinu hjá þér, og það andlega. Eins og einhver vakning, líkt og spilið hér á undan gaf til kynna. Þetta spil er boð um betri tíma og ef þú ert ekki alveg kominn þangað þá er spilið komið til þess að segja þér að skýin munu hverfa og það mun birta til....

Æðsti meyprestur

Dulspeki | Lærdómur | Undirmeðvitund

Hér gengur þú í gegnum sjálfsskoðun, íhugar þarfir þínar og langanir. Þú vaknar á hverjum degi og gefur þér tíma til þess að spyrja sjálfan þig: Hvernig líður mér í dag? og svo tækla það eftir þeirri liðan. Það er magnað að komast á þann stað að gefa sjálfum sér



Skilaboð frá spákonunni

Treystu flæðinu því lífið er eins og rússíbani upp og niður og eftir á að hyggja skilur maður lærdóminn sem kom með niðurtúrnum. Ýmislegt listrænt kemur frá allri upplifun, góðri og slæmri.

Þetta svigrúm og þá með minni kröfur og sjálfsgagnrýni. Það er kven- og móðurleg orka sem fylgir spilinu, sem er mikilvægt fyrir alla karlmenn að kynna sér. Að fara inn í múktina og móðurkærleikann þar sem er svigrúm til þess að vera nákvæmlega eins og þú ert á þeirri stundu hverju sinni.

SVONA EIGA ÞAU SAMAN

Áttæður og giftur í 59 ár

Fjölmíðlamaðurinn geðþekki Ómar Ragnarsson varð áttæður í vikunni. Undanfarin 59 ár hefur hann fagnað afmæli sínu með eiginkonu sína sér við hlið, Helgu Jóhannsdóttur. Við ákváðum að skoða hvernig hjónin eiga saman ef lítið er til stjörnumerkjanna.

Ómar er Meyja og Helga er Bogmaður. Samskipti eru styrkleiki parsins, enda er það lykillinn að langtímasambandi. Hjónaband endist ekki í sex áratugi án þess að vinna fari í það.

Bæði Bogmaðurinn og Meyjan eru mjög sveigjanleg. Þau eiga auðvelt með að laga sig að þörfum hvort annars hverju sinni. Tengingin milli þeirra verður sterkari með tímanum og þau sýna hvort öðru virðingu og skilning.

Meyjan vill hafa lífið rólegt og stöðugt, en Bogmaðurinn er fullur af orku. Þeim tekst að blanda saman þessum ólíku persónueinkennum svo dýnamíkin verður hnökralaus. ■



MYND/VALLI

Ómar Ragnarsson
Meyja

- 16. september 1940
- Metnaðarfullur
- Traustur
- Góður
- Vinnuþjarkur
- Of gagnrýninn
- Feiminn

Helga Jóhannsdóttir
Bogmaður

- 25. nóvember 1942
- Örlát
- Hugsjónamanneskja
- Húmoristi
- Óhefluð
- Óþolinmóð
- Ósamvinnuþýð

Hvað segja stjörnurnar um þig þessa vikuna?

Hrútur
21.03. – 19.04.

Hægan, hægan, elsku Hrútur. Þótt þú hafir fengið eina fríhelgi þá áttu ýmislegt óþuggert. Farðu hægt af stað í ný ævintýri og mundu að setja tíma fyrir þig sjálfan í forgang ALLA daga, takk fyrir.

Vog
23.09. – 22.10.

Heiðarleiki er orð vikunnar. Frekar en að sópa tilfinningum undir teppið til þess að hlífa öðrum þarftu að segja það sem segja þarf og setja sumum mörk. „Zenaðu“ þig í gegnum óvenjukrefjandi viku!

Naut
20.04. – 20.05.

Plánetan Mars hefur þau áhrif á Nautið þessa vikuna að erfiðar tilfinningar koma upp á yfirborðið. Þú gætir dregið þann lærdóm af því að þú eigir að gera þarfir þínar gagnvart maka eða samstarfsfélaga skýrari.

Sporðreki
23.10. – 21.11.

Einhver pirringur í loftinu? Reyndu að bíta í tunguna og halda aftur af því hvernig þú svarar fólki. Þetta er ekki neinum að kenna. Nýttu vikuna í að rannsaka hvað það er í raun og veru sem veldur þessum skapbreytingum.

Tvíburi
21.05. – 21.06.

Æ, þér leiðist dagleg rúttina þessa vikuna og ert einn af þeim sem segja „ohh, ég nenni ekki mánu-dögum!“ En það er bannað og allt undir þér sjálfum komið. Planaðu bara eitthvað skemmtilegt til þess að gleðja þig og þá sem standa þér næst!

Bogmaður
22.11. – 21.12.

Best er að ná markmiðum sínum í smáum skrefum. Ekki sigra heiminn á einum degi! Aukin aðstoð býðst og léttir á. Þú sérð hlutina í skýrara ljósi. Fyrsta skrefið er stærsta skrefið og það verður tekið í þessari viku. Þú ert á góðri leið með að verða besta útgáfan af þér.

Krabbi
22.06. – 22.07.

Elsku, óþolinmóði Krabbi. Polinmæði er áhugavert hugtak sem þú þarft að kynna aðeins betur þessa dagana. Plön og verkefni ganga aðeins hægar en óskir standa til, en mundu að það er oft ástæða fyrir því. Það er ekki æskilegt að flýta góðum hlutum. Flýtum okkur hægt þessa vikuna.

Steingeit
22.12. – 19.01.

Æ, stundum er lífið svolítið subbullegt! Leyfðu þér að dvelja þar og skoða tilfinningarnar sem upp koma. Samþykktu sjálfa þig rétt eins og aðra. Þú ert nefnilega aðeins betri í því að predika sjálfsást en þú í raun og veru iðkar sjálf.

Ljón
23.07. – 22.08.

Kröftug orka kemur til þín í hugleiðslu þessa vikuna. Þú veist hvað þú vilt og ætlar að sækjast eftir því. Mögulega þarftu að færa einhverjar fórnir, eða vaða út í óvissuna til þess að taka þetta næsta skref, sem þú hefur mikla löngun til þess að gera.

Vatnsberi
20.01. – 18.02.

Ó, mæ! Ég roðna, það er svo mikill rómans í loftinu. Fyndið hvernig andstæður laðast stundum hvor að annarri. Ying-yang ástarsamband er í kortunum þínum þar sem ólíkir aðilar sjá allt í einu ekki sólina hvor fyrir öðrum. Mögulega einhver sem þú hefur þekkt lengi en „sérð“ í nýju ljósi.

Meyja
23.08. – 22.09.

Elsku, hjartans Meyja. Mundu að breytingar eru góðar! Þessa vikuna þarftu að sleppa tókunum og detta í flæðið. Annað mun halda aftur af þér. Við vitum að þú vilt stýra skipinu, en prófaðu að sleppa og sjá hvort þú stefnir ekki á nýja og spennandi áfangastaði!

Fiskur
19.02. – 20.03.

Hamingjan þín dvelur í smáatriðum. Því hvernig á kosmósið að vita hvað þú vilt þegar þú veist það ekki beint sjálfur eða þegar þú ert í mótsögn við sjálfan þig? Við mælum með að þú gerir þér svokallað „mood board“ til þess að sjá fyrir þér og kalla til þín óskir þínar og þrár.

MEÐAL STÆRSTU VIÐURKENNINGA SEM ÍSLENDINGUR HEFUR FENGIÐ

Yfirvofandi félagaskipti Rúnars Alex til Arsenal hafa vakið verðskuldaða athygli. Hann yfirgefur franska liðið Dijon á næstu dögum og skrifar undir samning við Arsenal.

Hörður Snævar
Jónsson
hoddi@433.is



Þetta er bara geggjað og einhver stærsta viðurkenning sem komið hefur fyrir íslenskan fótbolta,“ sagði hinn öflugi markmannsþjálfari Guðmundur Hreiðarsson, um tilvonandi félagaskipti Rúnars Alex Rúnarssonar til Arsenal frá Dijon í Frakklandi. Þetta stóra skref Rúnars Alex hefur vakið mikla athygli og er um að ræða eitt stærsta tækifæri sem íslenskur knattspyrnumaður hefur fengið. Rúnar er 25 ára gamall en vegferð hans er áhugaverð, hann byrjaði sem útspilari þegar hann bjó í Belgíu og þótti öflugur sem slíkur. Hann átti sér hins vegar draum um að vera markvörður og í dag stendur hann uppi sem sigurvegari.

Körfuboltinn hjálpaði

Rúnar er 25 ára gamall en hann ólst upp í Belgíu þar sem faðir hans, Rúnar Kristinsson, lék um langt skeið. Rúnar kom til Íslands og lék með KR þar sem Guðmundur var markmannsþjálfari hans. Helsti styrkleiki markvarðarins er hversu vel hann les leikinn. „Maður sá strax hvað hann hafði umfram aðra, hann hafði rosalega þrívídd. Frábæran leikskilning og í nútíma markmönnum er mikil krafa um að markvörður sé góður í fótbolta, 80 prósent af því sem markvörður gerir í dag er með fótunum. Hann hafði spilað sem útileikmaður í Belgíu og svo var hann í körfubolta, sem hjálpaði honum hvað markvörsluna varðar. Hann hafði mikinn áhuga á að verða markvörður, hann hafði ekki þann hraða sem krafist er af útileikmönnum. Ég held að hann hafi alveg valið rétt eins og margir markmenn sem voru áður útileikmenn.“

Bernd Leno hjá Arsenal var útileikmaður og var valinn úr hópi 250 einstaklinga hjá Stuttgart sem miðjumaður. Hann gerðist markvörður tveimur árum síðar þegar komu upp meiðsli. „Þarna eru tveir topp markverðir að berjast um sætið og hafa báðir bakgrunn sem útileikmenn. Þeir eru ekki líkir en samt ekki ólíkir, þeir hafa þennan leikskilning og staðsetningar sem erfitt er að þjálfar,“ sagði



Rúnar Alex og Guðmundur Hreiðarsson þekkjast vel, en þeir unnu saman hjá KR og í íslenska landsliðinu.

MYND/EYÞÓR

Því stærra sem verkefnið er, því betri er Rúnar Alex.

Guðmundur um tilvonandi félagaskipti Rúnars.

Stóra prófið er á Englandi

Guðmundur segir ekki auðvelt að benda á veikleika Rúnars en veikleikar markmanns komi oftast ekki í ljós á Englandi. „Allt sem hann gerir virkar einfalt fyrir hann, en gæti litið út mjög flókið fyrir aðra. Hann stendur lengi og hefur úthaldið. Einn á móti einum er hann frábær. Hann les leikinn vel, þannig að ef það kemur langur bolti, þá er hann vel staðsettur. Það er erfitt að tína út einhvern veikleika, veikleikinn kemur oft í ljós hjá markvörðum þegar þeir fara í enska boltann. Þú ert mögulega að spila bikarleiki á móti

neðri deildar liðum, langir boltir og stórir miðverðir að koma inn í föst leikatriði. Það hefur reynst mörgum markvörðum erfitt, David De Gea, sem hefur verið einn besti markvörður í heimi, lenti í vandræðum þegar hann kom inn í enska boltann. Það verður áskorun fyrir Rúnar Alex en hann er með rétt hugarfar og alltaf klár í að læra,“ segir Guðmundur.

Ekkert kemur Rúnari Alex úr jafnvægi

Guðmundur telur að hugarfar Rúnars verði til þess að þetta stóra skref komi honum ekki úr jafnvægi. „Rúnar er jarðbundinn sem gerir það að verkum að hann er tilbúinn í

þetta verkefni. Hlutirnir geta þróast hratt í fótboltanum og hann gæti fljótt endað sem fyrsti kostur Arsenal, það getur allt gerst þó hann komi fyrst um sinn inn sem varamarkvörður. Rúnar mun læra mikið af Leno og öfugt. Kostur hans er að það truflar hann ekkert, því stærra sem verkefnið er því betri er Rúnar Alex,“ sagði Guðmundur. Hann bendir á að Rúnar hafi ungar að árum staðið í marki KR í stórleikjum hér á landi og ekki látið það hafa áhrif á sig.

Guðmundur vonar að félagsskiptin virki hvetjandi fyrir unga drengi að gerast markmenn. „Þetta er geðveik auglýsing fyrir íslenskan fótbolta og áskorun til stráka sem langar að æfa mark, Rúnar Alex var framherji og skoraði mikið í Belgíu. Hann lét drauminn sinn rætast, ástríða hans var í markinu. Ég er ekkert viss um að pabbi hans hafi verið sammála honum á þeim tíma, en þetta er staðan í dag.“

Markmannsþjálfarinn hefur mikla trú

Inaki Cana, markmannsþjálfari Arsenal, þjálfaði Rúnar Alex í Danmörku og hefur síðan þá haldið góðu sam-

bandi við hann. Cana fór til starfa hjá Brentford og reyndi að kaupa Rúnar Alex þangað. Hann er stærsta ástæða þess að þetta stórveldi vill Íslendinginn. „Hann hefur verið hjá þessum markmannsþjálfara hjá Nordsjælland, þeir þekkjast vel. Rúnar Alex hefur sett margan góðan markmann fyrir aftan sig í samkeppni, efnilegasta markvörð Svía sem dæmi. Fótbolti er ekki bara það að æfa og vera alltaf til taks, þetta er stundum smá heppni. Þú getur unnið þér hana inn, í Danmörku kynnist hann markmannsþjálfara sem setur pressu á hann. Rúnar svarar öllu því sem er kastað á hann þar, þjálfarinn fer svo til Brentford og þá vill hann fá Rúnar Alex þangað. Nú er sá þjálfari hjá Arsenal og þeir halda góðu sambandi. Þessi markmannsþjálfari er forsendan fyrir því að Rúnar Alex er í þessari stöðu. Hann er ekki að fá Rúnar Alex af því að hann er svo góður gæi, þjálfarinn er að setja sitt mannorð undir og hann treystir Rúnari. Ég er sannfærður um að ef einhver getur tekið þetta skref þá er það Rúnar Alex,“ segir Guðmundur Hreiðarsson spenntur fyrir framhaldinu. ■

Ertu að flytja



Vantar þig sendibíl, flutningskassa eða önnur tæki sem gera flutninga auðveldari?

Hjá okkur getur þú leigt sendibíl í stærð sem hentar fyrir þig, með eða án lyftu og keyrir sjálf/ur!

Einnig leigum við sterka kassa til flutninga, trillur og fleira

Kannaðu málið á www.cargobilar.is

CARGO
sendibíla-leiga

566 5030
www.cargobilar.is



SAND KORN




MYND/SAMSETT

Benni og Tinna á stefnumóti

Heyrst hefur að leikstjórinn og kvikmyndaundrið Benedikt Erlingsson og leikkonan, verkefnastjórinn og framkvæmdastjóri Þjóðleikhússins Tinna Lind Gunnarsdóttir séu að hittast. Hafa þau sést úti að borða saman og þykir parið eiga ákaflega vel saman enda bæði hæfileikarík með meiru og vel liðin. Benedikt var giftur leikkonunni Charlotte Böving en þau skildu fyrr á árinu. Tinna Lind er fyrrverandi eiginkona söngvarans Garðars Thors Cortes.

Vælt um veiru

Bók Björns Inga Hrafnssonar fjölmiðlamanns virðist lítið seljast ef marka má vinsældalista Pennans Eymundsson. Vissulega hefur DV ekki upplýsingar um aðrar söluleiðir eða sölutölur Björns Inga í einkasölu, en þó vekja dræmu undirtektirnar spurningar. Kom bókin ef til vill út of snemma? Þó gildi samtímasagnfræði sé óumdeilt, mætti samt spyrja hvaða gildi bók um seinna stríð prentuð 5. júní 1944 hefði. Auðvitað er D-dags vonandi ekki að vænta enda þolinmæði almennings á þrotum. Það sýndi sig í viðbrögðum og deilum um síðustu uppskrúfun takmarkana. Ef þessu fer ekki að linna fljótlega verður kannski tilefni fyrir framhaldssögu: Vælt um veiru. ■



Láta þetta veira?

LOKI



www.krokur.net
522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur hf. er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum
- 24 stunda þjónustu allt árið um kring
- björgunarþjónustu og aðstoð ef bílar bila eða flytja þarf þá á verkstæði



KRÓKUR
á þinni leið

Suðurláun 3, 210 Garðabær